



Vöðlar, Ímastaðir og Karlstaðir í Vöðlavík - fornleifaskráning

Guðný Zoëga



© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum / Guðný Zoëga

Útgefandi: Háskólinn á Hólum.

Sími (+354) 455 6300.

Vefpóstur: thjonustubord@holar.is

Veffang: www.holar.is

Titill: Vöðlar, Ímastaðir og Karlstaðir í Vöðlavík - fornleifaskráning

Höfundur: Guðný Zoëga

Ljósmyndir: Guðný Zoëga og Hjörleifur Guttormsson

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir land Vöðla: Guðný Zoëga

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9596-5-2

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Fornleifaskrá Vöðla	6
Ágrip af sögu.....	6
Minjar á Landsenda.....	23
Óstaðsettar minjar	30
Fornleifaskrá Ímastaða.....	31
Ágrip af sögu.....	31
Minjar á Ímastöðum ytri	32
Óstaðsettar minjar	41
Minjar á Ímastöðum fremri/innri	42
Óstaðsettar minjar	49
Fornleifaskrá Karlstaða.....	51
Ágrip af sögu.....	51
Óstaðsettar minjar	63
Samantekt.....	64
Minjar á Vöðlum.....	65
Minjar á Ímastöðum.....	66
Ímastaðir ytri.....	66
Ímastaðir fremri	66
Minjar á Karlstöðum	67
Hættumat.....	67
Niðurlag	68
Heimildaskrá	70

Inngangur

Sumarið 2020 fór fram fornleifaskráning á þremur bæjum í Fjarðabyggð, Vöðlum, Ímastöðum og Karlstöðum í Vöðlavík. Verkið var unnið fyrir Hjörleif Guttormsson sem hluti af skráningu 10 jarða í Vöðlavík og utanverðum fyrrum Helgustaðahreppi í Reyðarfirði. Verkefnið var unnið vegna undirbúnings að friðlýsingu Gerpissvæðisins en hluti þess var formlega friðlýstur þann 11. september 2021. Vettvangsskráning fór fram vikuna 10.-13. ágúst 2020. Undirbúningur og vettvangsvinna voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings og Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings. Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Guðnýjar. Bryndís Zoëga og Hjörleifur Guttormsson lásu skýrsluna yfir.

Styrkur hlaust til verkefnisins frá Fjarðabyggð og Minjastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Upplýsingar veittu eftirtalin sem heimildamenn: Þórólfur Vigfússon frá Kirkjubóli um alla bæina, fyrir Vöðla Anna Pálsdóttir frá Vöðlum, fyrir Ímastaði ytri Guðni Geirsson og Sigríður Guðjónsdóttir og fjölskylda, fyrir Ímastaði fremri Gísli Guðjónsson og Ingibjörg Stefánsdóttir frá Ímastöðum fremri, fyrir Karlstaði Svanhildur Stefánsdóttir sem ólst upp á Karlstöðum svo og Guðrún Ágústsdóttir.

Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2064

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær bæjarhóll Vöðla raðnúmerið 259 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2064-259]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Jarðirnar þrjár eru hluti af sama verkefninu og því deila þær verkefnisnúmerinu 2064 með jörðunum Kirkjubóli í Vöðlavík og Krossavík, Karlskála og Litlu- og Stóru- Breiðuvík og Breiðuvíkurháaleigu í Reyðarfirði.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum landrofs vegna ágangs sjávar. Flestallar minjarnar teljast ekki í mikilli fyrirsjáanlegri hættu þar sem Karlskálar eru eyðijörð og fremur úrleiðis þannig að umgangur er þar lítill. Hættumat gæti breyst ef fyrirhugaðar eru breytingar á svæðinu, s.s. byggingaframkvæmdir eða vegagerð. Þá verður að endurmeta hættumat. Í meginmáli skýrslunnar er hættumat einungis haft með ef minjarnar teljast í mikilli hættu. Annars er hættumat í hnitatöflu aftast í skýrslu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir í skekkju.

Ím Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Fornleifaskrá Vöðla



Mynd 1. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Vöðla. Gula húsið er gamla íbúðarhúsið en vinstra megin við það má sjá hvíta byggingu sem er gamla heimarafstöðin og vinstra megin hennar er sumarbústaður.

Ágrip af sögu

Vöðlavík² liggur norðan Reyðarfjarðar og var þar áður blómleg byggð en nú eru allir bæir komnir í eyði. Vöðlavík var fyrrum nefnd Krossavík og er hún svo nefnd í Landnámu þar sem segir: „Þórir hinn hávi og Krumur, þeir fóru af Vörs til Íslands, og þá er þeir tóku land, nam Þórir Krossavík á milli Gerpis og Reyðarfjarðar; þaðan eru Krossvíkingar komnir.³ Í upphafi voru tveir aðalbæir í Vöðlavík, Vöðlar (Vaðlar og Kirkjuból, en aðrir bæir hjáleigur eða afbýli frá þeim.

Stærsta býlið í Vöðlavík voru Vöðlar/Vaðlar, en hún var ysta jörðin af þremur í norðanverðri vikinni. Land jarðarinnar náði í upphafi yfir allan norðurhluta vöðlunnar, norðan Kirkjubólsár, en á 19. öld voru til hjáleigurnar Ímastaðir og Karlstaðir úr landi hennar.

Fáar heimildir eru um jörðina Vöðla til forna. Vöðlar eða Vaðlar eru skv. máldögum meðal eignajarða kirkjunnar á Kolfreyjustað árin 1397 þar sem segir : „Item gefist til xvje jord er heitir Vodlar, oc þar med xij ær og kyr. ⁴ og í máldaga frá 1570 [...] Item gieffin xvje. Jørd er heitir Vadlar [...]”⁵

² Sumir nota orðmyndina Vaðlavík, en hún var ekki einhugur um nafngiftina meðal íbúa um heiti vöðlunnar á meðan hún var byggð. Báðar orðmyndirnar, Vaðlar og Vöðlar, eru einnig að finna í fornum heimildum. Sjá nánar Eftirþankar um örnefni í Árbók Ferðafélags Íslands 2005, Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar eftir Hjörleif Guttormsson, s. 250–251.

³ Íslensk fornrit I, Landnáma, bls. 307.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn 4 Bindi, bls. 228.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn 15 Bindi, bls. 692.

Bærinn er nefndur í manntali 1703 og bjuggu þar þá 15 manns og var tvíbýlt.⁶ Í sóknamannatali frá 1785 bjuggu 12 manns á á Vöðlum 1 og fimm manns á Vöðlum 2. Í sóknarmannatali 1785 er þríbýli á jörðinni og þegar sóknarmannatal er skoðað er þar ýmist ein- tví- eða þríbýlt. Í síðasta sóknarmannatali sem tekið var 1948 var þar einbýli.⁷

Í Jarðatali Johnsens frá 1847, var jörðin talin sex hundruð að dýrleika en 6 hundruð voru í hjáleigunni Karlstöðum og 4 í hjáleigunni Ímastöðum, og hefur jörðin því upphaflega verið 16 hundruð að dýrleika.⁸ Landsendi er sléttlendi út með Vöðlavík að norðan. Þar var Vöðlahöfn



Mynd 2. Horft til suðurs yfir bæjarstæði Vöðla.

þaðan sem gert var út frá jörðunum í norðanverðri víkinni. Hlunnindi voru útræði, þarabreit og ágæt svarðatekja. Undirlendi er grösugt, víða jarðdjúpt og ræktunargott, mýrar, valllendi og góð hagabreit⁹ Jörðin komst í bændaeign um 1912 en fór úr ábúð eftir 1970.¹⁰


⁶ Tekið af netsíðunni manntal.is skoðað 01 08 2020

⁷⁷ Tekið af síðu Þjóðskjalasafns Íslands salnaregistur manntal.is skoðað 01 08 2020

⁸ Jarðatal Johnsens, bls 374

⁹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3 bindi, bls 85

¹⁰ Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3 bindi, bls 85



Mynd 3. Yfirlitsteikning af minjum í heimatúni á Vöðlum.

Vöðlar 2064-259

Sérheiti: Vöðlar

Hlutverk: Híbýli, fjós, skemma, hlaða, óþekkt

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir

Enn stendur forskalað timburhús á Vöðlum, en er farið að láta mikið á sjá. Húsið var byggt 1922 þegar gamli torfbærinn var rifinn og stendur fremst í bæjarhólnum en heimreiðin liggur syðst í bæjarhólnum og austur fyrir hann þar sem er gata út tún, allt út að svokölluðum Landsenda. Í bæjarhólnum eru fjórar glöggar tóftir en hann var mjög grasi gróinn og erfitt að gera sér grein fyrir ógleggri veggjum. Tóft, 5x8m að utanmáli, er vestan bæjarhússins og snýr hún norður-suður og hefur þil vitað í suður. Þessi tóft er hluti af grunni timburhúss sem fauk 1945 (skv. heimildamanni Önnu Pálsdóttur) og er skráð sér [2064-361]. Tvær tóftir eru aftan íbúðarhússins, vestari tóftin er 5x10m og liggur austur-vestur, dyr hafa verið á suður langhlið. Fjórum metrum austan hennar er svo önnur tóft, 5x7m að utanmáli og hafa dyr verið vestanvert á norður skammhlið. Anna Pálsdóttir kannaðist við tóftirnar en vissi



Mynd 4. Gamla íbúðarhúsið á Vöðlum.

ekki notkun þeirra. Austast í bæjarhólnum er svo tóft sem liggur norður-suður, 7x11m að stærð. Þil hefur vitað í suður fram á hlað og skv. Önnu var þarna kúahlaða. Áföst og aftan íbúðarhússins var svo fjós en vegna gróðurs var erfitt að greina hleðslur úr veggjum. Allar tóftirnar eru með stæðilegum veggjum en erfitt að gera sér grein fyrir innra skipulagi vegna gróðurs. Bæjarhóllinn sjálfur er um 40m langur frá austri til vesturs og 30m frá norðri til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Burstabær með stafna suður á hlað baðstofustafn með hálfþili og 2 skemmur með heilþiljuðum stöfnum. Baðstofan portbyggð með vetrarfjósi ... rifin um '22.“ „Einnig timburhús í tótt, 2 herbergi og geymsluloft“. Timburhúsið mun hafa fokið 1945. Í yfirmati fasteigna frá 1918 eru hús á jörðinni sögð: Baðstofa, eldhús, skemma, fjós fyrir 7 nautgripi, hesthús fyrir 4 hesta, 4 hlöður fyrir 320 heyhesta, fjárhús fyrir 200 fjár.

Vöðlar 2064-361

Sérheiti: Vöðlar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir

Um 2m vestan við uppistandandi íbúðarhús á Vöðlum er hlaðinn grunnur.

Lýsing

Tóft er 6x8m að utanmáli, timburpil hefur vitað í suður. Veggir hæstir um 1m og breidd veggja um metri,

Aðrar upplýsingar

Í búskapaannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 85) segir „Einnig timburhús í tótt, 2 herb. og geymsluloft, Húsið fauk 45.“ Heimildamaður, Anna Pálsdóttir, segir þarna hafa verið annað samskonar íbúðarhús úr timbri. Innangengt var á milli þess húss og hússins sem enn stendur. Vestara húsið fauk í miklu óveðri 1945 en þá bjó þar einn maður.

Vöðlar 2064- 260

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Gata

Staðhættir

Heimreiðin liggur upp að bæjarhóli Vöðla að vestanverðu og þvert yfir bæjarhólinn. Gata liggur svo í framhaldinu út túnið austan bæjarhóls og út á Landsenda.

Vöðlar 2064-245

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 100m beint austur af bæjarstæði Vöðla er grjóthlaðin tóft í túni, um 7m neðan (sunnan) götu [2064-260] út túnið.

Lýsing

Tóftin er 6x7m að utanmáli og hafa dyr verið á suðurhlið. Hleðslur standa vel, tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur inni í henni. Veggjahæð er mest 1,6m en þykkt 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Anna Pálsdóttir, vissi ekki hvort þarna hefði verið hesthús.

Vöðlar 2064-246

Hlutverk: Þurrkhjallur

Tegund: Hleðslur

Staðhættir

Um 120m austan bæjarstæðis Vöðla, eru tveir samsíða grjóthlaðnir veggir, 6m langir og 1m á hæð. Á milli þeirra eru 2,5m. Timburpil hefur verið til vesturs og austurs. Fast sunnan syðri veggjarins er ólöguleg upphækkun, mögulega leifar eldri tóftar. Hún var þó of hrunin og grasi gróin til að hægt væri að greina lögun.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Anna Pálsdóttir, sagði að þarna hefði verið hjallur með þvottasnúrum sem notaður var til þurrkunar á þvotti.

Vöðlar 2064- 232

Sérheiti: Hjáleiguhús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða, hænsnakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 160m asa af bæjarstæði Vöðla, yst í túni, er fjárhús og hlöðutóft.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður, alls 16m löng að utanmáli. Fjárhúsið er með garða um 3x7m að innanmáli en hlaðan liggur

þvert á aftan við og er 4x7m að innanmáli. Dýpst er tóftin í

hlöðunni, um 2m að dýpt. Innangengt hefur verið milli fjárhúss og hlöðu.

Útmoksturshaugur er framan inngangs í húsið að sunnanverðu. Hleðslur standa ágætlega en farnar að hrynja, tóftin er grasi gróin.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn, Anna Pálsdóttir og Þórólfur Vigfússon, könnuðust við að húsin hefðu verið kölluð Hjáleiguhús. Skv. örnefnaskrá Vöðlavíkur (bls. 3 er í túni svokallað Hjáleiguleiti en óljóst hvaða hjáleigu átt er við. Skv. Þórólfi voru óljósar sögusagnir um að þarna hefði einhvern tíma verið búið. Í minni Önnu voru þarna hafðar hænur.



Mynd 5. Horft til suðurs yfir fjárhústóft [2064-232] vestast í túni.

Vöðlar 2064-233

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 140m suðaustur af bæjarstæði Vöðla er fjárhús og áföst hlöðutóft í túni.

Lýsing

Fjárhúsið er 3x6m að innanmáli og garði fyrir því miðju. Veggir eru mest 1,5m á hæð og þykkt veggja er 1m. Heytóft er norðan húsanna um 4x5m að stærð. Undir heytóftinni norðantil eru óglöggar veggjaleifar sem eru líklega af eldri tóftum. Tóftirnar eru algrónar grasi.

Vöðlar 2064- 234

Hlutverk: Óþekkt, kofi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Austarlega í túni mitt á milli fjárhúss [2064-233] og nátthaga [2064-234] er tóft af kofa.

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli, dyr hafa vitað í austur. Vegg hæð er um 50cm og veggþykkt 70cm. Tóftin er algróin grasi.



Mynd 6. Fjárús- og hlöðutóft[2064-233] austarlega í heimatúni, horft í norður.



Mynd 7. Horft til austurs yfir minjar í sunnanverðu túni á Vöðlum. Vinstra megin við sumarbústaðinn má sjá leifar nátthaga [2064-258] og garðs sem frá honum liggur að bæjarlæknum. Hægra megin við sumarbústaðinn eru leifar af rétt [2064-247]. Efst á mynd má sjá grilla í leifar útihúsa [2064-232 og 2064-233] austast í túni.

Vöðlar 2064-258

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Neðst í túni, 70m neðan og ssa bæjarstæðis á Vöðlum eru leifar hlaðins nátthaga og garðs.

Lýsing

Nátthaginn er nánast hringlaga, um 65x65m að innanmáli. Rétt eða útskot, 5x8m, er á garðinum austanverðum. Út frá garðinum ssv-verðum er leiðigarður sem liggur um 50m til suðasturs að

bæjarlæknum Beljanda. Hlið hefur verið á náttuganum til norðvesturs inn á túnið. Vegg hæð er mest 1,2m og veggþykkt 1m. Veggurinn er grjóthlaðinn en nánast algróinn grasi og mosa.

Vöðlar 2064- 247

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sunnan náttuga [2064-258] og sumarbústaðar sunnan hans eru tóftir af rétt.

Lýsing

Tvö hólfr eru í réttinni, það stærra um 9x18m langt en minna hólfr, 4x6m, er upp við vesturhlið garðsins. Dyr eru á milli hólfranna. Hleðslur eru mest 1,2m á hæð og 1m á þykkt. Dyr eru til suðvestur úr báðum hólfrum. Lítil kofi er í norðvestur horni stærra hólfrsins.



Mynd 8. Leifar af matjurtagarði (rétt?) [2064-247] syst í túni.

Vöðlar 2064-251

Hlutverk: Óþekkt, mylla?

Tegund: Tóft, heimild

Staðhættir

Tóft er á austurbakka Beljanda, 20m neðan við þar sem heimreiðin liggur yfir lækinn.

Lýsing

Tóftin er algróin og dyr á henni til suðurs. Veggir eru hæstir 40cm og þykkt 60cm. Ekki var hægt að greina rennu að eða frá tóftinni en mikill gróður var í henni og umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Auk áðurnefndra verksummerkja á Landsenda 2 myllutættur við Beljandann, báðar í notkun fram yfir aldamót ...“

Vöðlar 2064-236

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Myllutóft er á austurbakka Beljanda, við lítinn foss, 65m vestur af bæjarstæði Vöðla og 16m ofan sumarbústaðs vestan bæjarhóls.

Lýsing

Grjóthlaðin myllutóft, 2x3m að utanmáli. Vegg hleðslur eru hæstar 1,2m og um 80cm



Mynd 9. Hægra megin við lækinn Beljanda á mynd má sjá grjóthlaðnar leifar myllutóftar [264-236].

breiðar. Tóftin er opin til suðurs, hleðslur standa ágætlega og sést í þær í tóftinni, en hún er annars vaxin grasi og ljónslöpp. Um 10m löng renna er úr bæjarlæknum að tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Auk áðurnefndra verksummerkja á Landsenda 2 myllutættur við Beljandann, báðar í notkun fram yfir aldamót ...“

Skv. heimildamanni, Önnu Pálsdóttur, voru í myllunni tveir myllusteinar sem afi hennar Þórarinn Guðnason hafði gert. Þeir eru nú á Fáskrúðsfirði.

Vöðlar 2064-257

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Hleðslur

Staðhættir

Hlaðnir veggir er sýnilegir við sumarbústað vestan bæjarstæðis á Vöðlum.

Lýsing

Hlaðinn veggur er sýnilegur sunnan og austan bústaðarins, virðist fremur leifar eldri tóftar en hluti af húsgrunninum. Bústaðurinn hefur líklega verið byggður að hluta í eldri tóft.

Aðrar upplýsingar

Skv. heimildamanni, Önnu Pálsdóttur, var þarna hlöðutóft sem bústaðnum var komið fyrir í.

Vöðlar 2064-235

Hlutverk: Súrheysgryfja

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er 3m sunnan sumarbústaðar og 6m austan bæjarlækjarins.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, hringlaga og hálfniðurgrafin. Hún er um 4x4m að innanmáli og veggir voru mest um 70cm háir og um 50cm á þykkt. Tóftin er mjög grasi gróin.

Aðrar upplýsingar

Skv. heimildamanni, Önnu Pálsdóttur, var þarna súrheysgryfja.

Vöðlar 2064-238

Hlutverk: Óþekkt, útihús, híbýli?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 35m norðvestan bæjarhúsa á Vöðlum eru leifar af tóft.

Lýsing

Tóftin er nokkuð jarðsokkin, 8x10m að utanmáli. Hún snýr norður-suður og er opin til suðurs. Veggir eru fremur óverulegir, um 30cm á hæð og 1m á þykkt. Aftan tóftarinnar er upphækkuð ferköntuð flöt um 4x12m á stærð. Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða og það er ekki sýnt á túnakorti.

Aðrar upplýsingar

Heimildamann, Önnu Pálsdóttur, minnti að þarna gæti hafa verið fjárhús eða geymsla. Þórólfur Vigfússon hafði heyrt að á svipuðum slóðum hafi verið íbúðarhús Eyjólfssonar (langafa Þórólfs) en sú sögusögn var óljós og staðsetning þess húss er ekki þekkt.

Vöðlar 2064- 237

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgröftur

Staðhættir

Í brekku sem hallar mót suðri, 60m norðvestur af bæjarstæði Vöðla eru leifar matjurtagarðs.

Lýsing

Garðurinn er umlukinn lágum garði undan girðingu, um 10cm á hæð. Hlið hefur verið á garðinum á suðurhlið, við suðaustur horn.

Aðrar upplýsingar

Vestari af tveimur matjurtagörðum sem eru sýndir á túnakorti. Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Sáðgarðar 290 m² [...] ummerki sáðgarða, áveita og hringlaga náttaga út og niður með bænum.“ Matjurtagarðurinn sést á túnakorti.



Mynd 10. Horft til vesturs yfir matjurtagarð [2064-237] í brekku ofan bæjarins.

Vöðlar 2064- 240

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hjalla efst í brekku um 80m norðaustan bæjarstæðis á Vöðlum eru leifar matjurtagarðs og lítillar fjárhústóftar [2064-240] fast austan hans.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður, en dyr hafa vitað í suður. Hún er 6x9m að utanmáli og veggir stæðilegir, um 80cm þar sem þeir eru hæstir og um metri á breidd. Tóftin er algróin en þó sér í steina í hleðslum inni í tóftinni.



Mynd 11. Fjárhústóft [2064-240] hægra megin á mynd og vinstra megin matjurtagarður [2064-241] horft í ssv, Vöðlabærinn í baksýn.

Vöðlar 2064- 241

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla, niðurgroftur

Staðhættir

Á hjalla efst í brekku um 80m norðaustan bæjarstæðis á Vöðlum eru leifar matjurtagarðs og lítillar fjárhústóftar [2064-240] fast austan hans. Garðurinn er 12x12m að flatarmáli og hefur hlið verið við suðaustur horn. Veggir eru mest um 30cm á hæð og 50cm á breidd. Búið er að planta trjám í hluta garðsins.

Aðrar upplýsingar

Austari af tveimur matjurtagörðum sem eru sýndir á túnakorti. Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Sáðgarðar 290 m² [...] ummerki sáðgarða, áveita og hringlaga náthaga út og niður með bænum.“ Matjurtagarðurinn sést á túnakorti.

Vöðlar 2064-242

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku um 140m norðaustan bæjarstæðis eru leifar smalatóftar

Lýsing

Tóftin er um 3x3m að utanmáli með dyr í suður. Hún er vel gróin og sér hvergi í stein. Vegg hæð er mest um 30cm og veggjabreidd 50cm.



Mynd 12. Smalakofi [2064-242]. Horft í sv í átt að Vöðlabænum.

Vöðlar 2064-256

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á uppblásnum mel í brekku um 180m norðaustan bæjarstæðis á Vöðlum eru leifar heytóftar.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur, er einungis lág upphækkun um 20cm á hæð, engir veggir greinanlegir.

Vöðlar 2064-254

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á uppblásnum mel í brekku um 180m norðaustan bæjarstæðis á Vöðlum eru leifar heytóftar.

Lýsing

Tóftin er vel gróin og snýr austur vestur, er einungis lág upphækkun með smávægilegum veggjum um 20cm á hæð og um 40cm á breidd.



Mynd 13. Grjóthleðslur [2064-243] er nær á mynd en [2064-253] fjær. Horft til sv í átt að bæjarstæði Vöðla.

Vöðlar 2064-243

Hlutverk: Óþekkt, kuml?, varða?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á mel á brekku um 220m ofan og na bæjarhóls á Vöðlum eru tvær grjóthleðslur og er 3ja metra bil á milli þeirra.

Lýsing

Nyrðri hleðslan er einföld grjótröð um 1m á breidd og 2m á lengd. Augljóslega er um manngerða hleðslu úr nokkuð stæðilegu grjóti að ræða, en hún er mjög gróin og

erfitt að gera sér grein fyrir lögun, en nyrðri hleðslan virðist meira ferköntuð en sú syðri hringlaga.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur þessara hleðsla er óviss, þarna getur verið um að ræða leifar af hrundum vörðum, en lögun hleðslanna gæti þó einnig bent til að um heiðin kuml sé að ræða. Það verður þó ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Vöðlar 2064-253

Hlutverk: Óþekkt, kuml?, varða?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á mel á brekku um 220m ofan og na bæjarhóls á Vöðlum eru tvær grjóthleðslur og er 3ja metra bil á milli þeirra.

Lýsing

Syðri hleðslan er einfalt hringlaga grjótlag um 2m í þvermál. Augljóslega er um manngerða hleðslu úr nokkuð stæðilegu grjóti að ræða en hún er mjög gróin og erfitt að gera sér grein fyrir lögun.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur þessara hleðsla er óviss, þarna getur verið um að ræða leifar af hrundum vörðum, en lögun hleðslanna gæti þó einnig bent til að um heiðin kuml sé að ræða. Það verður þó ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Vöðlar 2064-244

Hlutverk: Óþekkt, skemma?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á grónum mel í brekku um 220m nna bæjarstæðis á Vöðlum eru tvær grjóthlaðnar vegghleðslur.

Lýsing

Hleðslurnar liggja samsíða alls 6m langar, 1.2m á hæð og 1m á breidd. Um 2m eru á milli hleðslanna. Hleðslurnar eru vel grónar og nokkuð hrundar.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um hverskonar mannvirki er að ræða en timburþil eða girðing virðist hafa verið á sitthvorum skammenda. Veggirnir líkjast einna helst skemmuveggjum en staðsetningin er heldur ólíkleg fyrir skemmu.

Vöðlar 2064-255

Hlutverk: Þúst, heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á uppblásnum mel í brekku um 130m beint ofan bæjarstæðis á Vöðlum er grasi vaxin þúst, líklega leifar heytóftar.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur um 4m á lengd og 2m á breidd. Tóftin er einungis lág upphækkun um 20cm á hæð, engir veggir greinanlegir.



Mynd 14. Horft til norðurs í átt að bæjarstæði Vöðla, Hringhóll [2064-248] í forgrunni.

Vöðlar 2064-248

Sérheiti: Hringhóll

Hlutverk: Óþekkt, híbýli?

Tegund: Þúst, hleðsla

Staðhættir

Á vallendisbala um 200m neðan og sv við bæjarstæði á Völum um 50m austan bæjarlækjarins er hólmyndan með einhverjum tóftaleifum.


Lýsing

Hóllinn er um 35 langur og 25m breiður. Á hólnum eru óglöggar og jarðsokknar veggjaleifar sem benda til bygginga en erfitt er að gera sér grein fyrir frekari lögun þeirra. Mögulegt garðbrot liggur á um 20m löngum kafla til vnv frá hólnum. Þarna er augljóslega um fornar tóftir að ræða en hvort þetta eru leifar af bæ verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Forn rúst, sem Hringhóll heitir neðst í túni, fylgir sú sögn, að leifar séu af bæ Þorleifs kristna. Glögg merki um vegghleðslur, ókannað.“

Samkvæmt heimildamanni Önnu Pálsdóttur, hafa mannvistarleifar á hólnum mjög látið á sjá.



Mynd 15. Yfirlitsteikning af minjum á Hringhóli.

Vöðlar 2064-264

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Upp við svokallaðan Kvíaklett um 12m ofan heimreiðar og 11m vestur af bæjarlæknum, er rétt hlaðin upp við klettinn, líklega af kvíunum sem kletturinn dregur nafn sitt af.

Lýsing

Um 13m langur grjóthlaðinn veggur liggur í boga suður frá Kvíakletti og myndar kletturinn norður langvegg kvíanna.

Hleðslan er um 70cm á hæð og um 1m á breidd og myndar hól uppi við klettinn, um 7m á lengd og 3m á breidd. Hlið hefur verið á kvíunum til sv.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Vöðlavíkur eftir Vilhjálm Jónsson (bls. 3) segir: „Vestast í túninu á Vöðlum eru tveir klettar, og heitir sá, er næstur er veginum Kvíaklettur, hinn Einbúi.“



Mynd 16. Horft til na í átt að Vöðlabænum, Sjá má hleðslu [2064-264] upp við klettinn sem kallast Kvíaklettur.

Vöðlar 2064-265

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 3m austan við kvíar [2064-264], og fast vestan bæjarlækjar eru leifar af matjurtagarði.

Lýsing

Garðurinn er 7m á lengd og 5m á breidd, niðurgröftur.

Vöðlar 2064-250

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 24m niður af heimreið að Vöðlum og 60m vestan bæjarlækjar eru leifar af kvíum.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 10m á lengd og 5m á breidd að utanmáli og hafa dyr vitað í suður. Veggir eru vel grónir, um 70cm á hæð og um 80cm á breidd.



Mynd 17. Kvíar [2064-250]. Horft í suður.]

Vöðlar 2064-249

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er á vallendisbala um 200m neðan og nv við bæjarstæði Vöðla og um 80cm suðvestur af Hringhóli [2064-248].

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður um 4m á breidd og 6m á lengd að utanmáli. Veggir óverulegir um 10cm háir og 30cm breiðir.



Mynd 18. Horft til suðurs yfir fjárhústóft [2064-266] ofan Kvíakletts.

Vöðlar 2064-266

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan við Kvíaklett um 12m vestan bæjarlækjar er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður 9m löng og 5m að breidd að utanmáli og hefur þil vitað í norður. Veggir eru hæstir um 1m og breidd 1m. Tóftin er algróin.

Vöðlar 2064-267

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Leifar fjögurra úihúsa eru á vesturbakka Beljanda í vestanverðu túni á Vöðlum. Neðsta tóftin er af fjárhúsum.

Lýsing

Tóftin er algróin og liggur austur-vestur, um 9m löng og 5m á breidd að utanmáli. Dyr hafa vitað í suður. Þekja er hrunin ofan í tóftina. Vegg hæð er mest um 1,2m og um 1m á þykkt.

Vöðlar 2064-268

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 6m vestan bæjarlækjar, vestanvert í túni á Vöðlum eru leifar af fjárhúsi með áfastri hlöðu aftan við.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og hafa dyr vitað í sv. Að utanmáli er tóftin alls um 15m á lengd, hlaðan um 10m á breidd, en fjárhúsin 6m. Tóftin er vel gróin en víða sést grjót í hleðslu.



Mynd 19. Horft til sv yfir fjárhústóftir [2064-268, 269,270] á vesturbakka Beljanda, í vestanverðu túninu.

Vöðlar 2064-269

Hlutverk: Fjárhús, hrútakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 2m austan af fjárhúsi [2064-268] og um 2m vestur af bæjarlæk eru leifar af kofa, líklega hrútakofa.

Lýsing

Tóftin er um 6m á lengd og 3m að breidd að utanmáli, snýr nnv-ssa og hafa dyr vitað í sv. Veggir eru hæstir um 70cm og um 80cm breiðir.

Vöðlar 2064-270

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst í vestanverðu Vöðlatúni, um 3m vestur af bæjarlæknum er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður og vita dyr í suður. Hún er 8x5m að utanmáli, hleðslur standa ágætlega en farnar að hrynja. Veggir eru hæstir um 1m og um 1m breiðir.

Vöðlar 2064-271

Hlutverk: Túngarður?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Vestast í Vöðlatúni er um 22m langt garðbrot sem liggur nnv-ssa.

Lýsing

Garðurinn er 22m langur, um 80cm hár og um 80cm breiður. Líklegast er að þetta sé brot af túngarði en önnur ummerki garðs var þó ekki að finna.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Anna Pálsdóttir, mundi ekki eftir túngarði.



Mynd 20. Horft til austurs í átt að Vöðlum, garður [2064-271] fyrir miðri mynd

Vöðlar 2064-272

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 140m vsv af bæjarstæði Vöðla og vestan túns er heytóft í móa.

Lýsing

Tóftin er 4,5x3m að utanmáli, veggir óverulegir um 10cm á hæð og 30cm á breidd, engar dyr greinanlegar.



Mynd 21. Heytóft [2064-272] horft í austur

Vöðlar 2064-273

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 160m vsv af bæjarstæði Vöðla og vestan túns er lítil kofatóft.

Lýsing

Tóftin er um 2x3m að utanmáli, engar dyr greinanlegar. Virðist ekki vera heytóft, veggir eru um 50cm háir og um 40cm breiðir.



Mynd 22. Kofatóft 2064-273] horft í sv.

Vöðlar 2064-274

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 30m neðan vegar út að Vöðlum og 400m ssv af bæjarstæðinu eru leifar mógrafa við lækjargrafning. Fleiri mógrafir eru neðar og ofar í mounum.

Vöðlar 2064-275

Hlutverk: Heytóft, mótóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 500m sv af Vöðlum og um 50m austan bústaðar vestast í Vöðlalandi er aflöng upphækkun sem á er seinni tíma heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur na-sv og er um 2x4m að stærð, veggir eru óverulegir hæstir um 30cm og breidd um 20cm. Engar dyr eru á tóftinni. Hún liggur ofan á manngerðri upphækkun sem engin sérstök tóftamynd er á en gætu verið leifar eldri heytófta.



Mynd 23. Horft til austurs yfir heytóft [2064-275] og þúst [2064-276]

Vöðlar 2064-276

Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mótóft

Tegund: Þúst, dæld

Staðhættir

Um 500m sv af Vöðlum og um 50m austan bústaðar vestast í Vöðlalandi er aflöng upphækkun sem á er heytóft.

Lýsing

Þústin er um 7m á breidd og um 13m á lengd. Dæld, 2x3m að stærð er vestast á þústinni en á henni er annars ekkert tóftalag. Ofan á þústinni er yngri heytóft eða mótóft en ekki er ólíklegt að þarna kunnu að hafa verið eldri heystæði áður.

Vöðlar 2064-344

Hlutverk: Vegur


Tegund: Heimild

Staðhættir

Vegurinn niður í Vöðlavík liggur frá Viðfjarðarvegi til austurs niður í víkina og út hana að norðanverðu um land jarðanna Karlstaða, Ímastaða og Vöðla en að sunnanverðu liggja vegir að Kirkjubóli og Þverá. Hnit á veginum var tekið vestan Víkurvatns í landi Karlstaða.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Einars Björnssonar (bls. 1 segir: „Niður af því [Heiðarvarpi] eru grasi grónar brekkur, í þeim er hjalli, og segir E.B., að hann heiti Heiðarbotn. Um hann liggur vegurinn niður Vatnsbotn, allvitt svæði inn af Víkurvatni og Vatnshlíðum (svo, en þær eru norðan undir Eggjum eða norðurhlíðar þeirra.“



Mynd 24. Yfirlitsteikning af öllum minjum á Landsenda.

Minjar á Landsenda

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 85) segir: „Landsendi er dálítið undirlendis-horn út með vikinni að norðan. Landskák þessi var mesti bjargræðis- og hlunnindastaður jarðarinnar. Þar voru beitarhús til búsetuloka og fjárborgir fyrrum.“ Landsendi liggur um 800m utan bæjar á Vöðlum. Þar er að finna fjölbreyttar minjar um fjárbúskap, sjósókn og mónytnar. Jarðirnar Ímastaðir og Karlstaðir áttu einnig útræði frá Vöðlahöfn.



Mynd 25. Horft til austurs yfir Landsenda, Efstahús fyrir miðri mynd.

Vöðlar 2064-214

Sérheiti: Efstahús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Beitarhús liggja efst og vestast á Landsenda, rétt um 17m utan við ytri Skipalæk.

Lýsing

Um er að ræða fjárhús með áfastri hlöðutóft aftan við, innangengt á milli. Tóftin liggur norður-suður með inngang til suðurs. Að utanmáli er tóftin í heild 18m löng og er fjárhúsið um 6m að breidd en hlaðan aftan við 8m. Veggir eru vel grónir en hleðslur enn vel greinanlegar. Þeir eru hlaðnir úr grjóti, um 1,5m að breidd og mesta hæð ca. 2,7m. Ekki var hægt að meta hvort garði var í tóft vegna þess að brak og bárujárn úr þaki liggja í tóftinni. Framan við tóftina var dálítill

haugur þar sem mokað hefur verið úr húsinu. Tóftin liggur upp og niður brekkuna og fast norðan hennar eru leifar kofa [2064-215].

Aðrar upplýsingar

Á örnefnateikningu Auðuns Einarssonar er merkt inn örnefnið Efstahús á þeim stað sem tóftin er. Árið 1961 féll snjóflóð á húsin og drápust nokkrar kindur (Sveitir og jarðir, 3, bls 85).

Vöðlar 2064-215

Hlutverk: Óþekkt, hrútakofi?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um metra ofan hlöðunnar á Efstuhúsum [2064-214] er minni tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og hefur þil eða dyr verið í austur. Hún er 2x4m metrar að innanmáli. Veggir eru nánast algrónir grasi, mest 50cm á hæð og 80cm á breidd.



Mynd 26. Yfirlitsteikning af sjóminjum, fjárborgum og fjárhúsum við Vöðlahöfn, vestanvert á Landsenda.

Vöðlar 2064-252

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 50m austan Efstuhúsa og 75m austan Skipalækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur nna-ssv, og vita dyr í ssv. Hún er að utanmáli um 6x10m, veggir um 80cm á breidd og mest um 60cm háir, algrónir grasi. Tveir grunnir handgrafnir skurðir liggja til suðurs og suðvesturs frá tóftinni.

Vöðlar 2064-216

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er staðsett fyrir miðju tangans, um 40m ofan fjöru og 85m suðaustan ytri Skipalækjar.

Lýsing

Tvístæð fjárhústóft með áfastri kofatóft, líklega hrútakofa. Tóftin liggur vnv-asa og hafa þil vitað í ssv. Veggihæð er mest 1,8m og þykkt veggja um 1m. Að utanmáli var tóftaþyrpingin um 14m frá nnv-ssa og 12m frá nna-ssv. Hrúga með útmokstri úr húsunum var framan tóftanna.

Vöðlar 2064- 217**Hlutverk:** Fjárborg**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Fjárborg liggur frammi á klettabrún ofan fjöru neðst á Landsenda.

Lýsing

Tóftin er hringlaga um 8m í þvermál, hlaðin úr grjóti en nánast algróin grasi. Hlið hefur verið til sv. í átt að sjó, en mögulegt hlið einnig á norðanverðum veggnum. Vegg hæð mest um 80cm og veggþykkt 1m.

Vöðlar 2064-218**Hlutverk:** Fjárborg**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Fjárborg liggur frammi á klettabrún á vesturströnd Landsenda.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, nokkurn veginn hringlaga og vaxin grasi. Hlið á fjárborginni hefur verið til suðurs að sjó. Veggir eru hæstir um 90cm og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Fjárborgin liggur að hluta ofan á eldri og ógleggri tóftum.

Vöðlar 2064-219**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Fjárborg [2064-218] liggur frammi á klettabrún á vesturströnd Landsenda. Austan hennar og að hluta undir henni eru leifar eldri ógleggri tóftar.

Lýsing

Veggjalög voru mjög ógreinileg en mögulega sást móta fyrir tveimur hólfum. Tóftin er um 11m löng frá na-sv en lögun óglögg.

Vöðlar 2064-220**Hlutverk:** Sjóhús**Tegund:** Tóft, grunnur**Staðhættir**

Á sjávarbakka vestanvert á tanganum vestast á Landsenda eru leifar tveggja samstæðra sjóhúsa.

Lýsing

Grjóthleðslur standa enn ágætlega, en eru farnar að hrynja. Syðra húsið virðist eldra og grónara, að hluta horfið fram af bakkanum. Yngra og nyrðra húsið stendur betur en veggir eru þó mjög grónir og veggur sem sneri út að sjó er hrinninn. Saman eru húsin alls 11m á lengd og 5m á breidd að utanmáli.



Mynd 27. Horft til su yfir hleðslur í sjóhúsgrunnum [2064-220]

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaská Auðuns H Einarssonar er sýnt á mynd örnefnið Sjóhús á Landsenda.

Vöðlar 2064-221

Sérheiti: Þórarinshús

Hlutverk: Sjóhús, vörugeymsla

Tegund: Tóft, grunnur

Staðhættir

Staðhættir

Fremst á sjávarbakka vestanvert á tanganum vestast á Landsenda eru leifar tveggja samstæðra sjóhúsa [2064-220]. Um 1m austan þeirra eru leifar annars sjóhúss.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og sjást veggir á þrjá vegu en suðvesturhlið er hrunin fram í fjöruna. Að utanmáli er hún um 7x9m og hún er að hluta grafin inn í bakka ofan fjöru. Veggir 0,5-1,5 metrar og breidd veggja er um metri. Tóftin er mjög gróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Skv. heimildamönnum Önnu Pálsdóttur og Þórólfi Vigfússyni nefndist húsið Þórarinshús og voru þar m.a. geymdar ýmsar vörur sem skipað var upp á tanganum.

Vöðlar 2064-222**Hlutverk:** Sjóhús**Tegund:** Tóft, grunnur**Staðhættir**

Fremst og syðst á sjávarbakka á innsta tanganum á Landsenda eru leifar hrunins sjóhúss.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, mjög hrunin og gróin grasi. Suðvesturhlið er hrunin fram í fjöruna. Að utanmáli er tóftin 3x5m, vegghæð er mest 80cm og veggjaþykkt rétt um 50cm.

Vöðlar 2064- 223**Hlutverk:** Beitarhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Á austurbakka vestasta tangans á Landsenda er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og liggur alveg frammi á bakka við sjávarkletta, hún er algróin en sér í hleðslur. Hún liggur austur-vestur 4m breið og 11m löng. Garði er fyrir miðju tóftar, þil hefur verið til vesturs. Vegghæð er mest 1,5m og þykkt veggja um 1m.

Vöðlar 2064- 224**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Mógrafir eru í móanum fyrir miðjum Landsenda.

Aðrar upplýsingar

Mór var tekinn á Landsenda í minni heimildamanns, Önnu Pálsdóttur.

Vöðlar 2064- 225**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Ofan við á bakka mógrafar [2064-224] fyrir miðjum landsenda er lítil tóft, líklega mótóft.

Lýsing

Tóftin er um 3x4m að utanmáli, vegghæð er mest 30cm og þykkt veggja 30cm.

Vöðlar 2064- 226**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Mótóft er í mýri fyrir miðjum Landsenda, skammt vestan mógrafa [2064-226].

Lýsing

Tóftin er dálítill upphækkun í landinu, hún liggur norður-suður og er 3x5m að utanmáli, algróin grasi.

Vöðlar 2064- 227**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Stór mógröf er í mýrinni fyrir miðjum Landsenda.

Vöðlar 2064- 228**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Mótóft er í mýri fyrir miðjum Landsenda við mógröf [2064-227].

Lýsing

Tóftin er dálítil upphækkun í landinu, hún liggur norður-suður og er 3x5m að utanmáli, algróin grasi. Veggir eru um 40cm háir og um 60cm þykkir. Veggir eru nokkuð veglegir af mótóft að vera og op á suður skammvegg gætu verið dyr. Þarna gæti því verið um að ræða leifar veglegri mókofa eða kofa af öðru tagi.

Vöðlar 2064- 229**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Mótóft er á norðurbakka mógrafar [2064-230] sunnan og austan til á Landsenda.

Lýsing

Tóftin sem liggur austur-vestur er ca. 4,5x4,5m löng, hún er algróin grasi. Veggir eru mest um 10cm á hæð og þykkt.



Mynd 28. Horft til suðaustur frá mógrafasvæði [2064-230], á bakka hennar fjær má sjá mótóft [2064-229].

Vöðlar 2064- 230**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Mógröf er syðst á austanverðum Landsenda.

Vöðlar 2064- 231**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Staðhættir**


Yst og austast á Landsenda er stekkjartóft.

Lýsing

Stekkurinn er hlaðinn upp við stóra náttúrusteina. Tóftin er alls um 10m á lengd og 5m á breidd og liggur norður suður. Réttin er sunnan til, um 4x4m að innanmáli en áföst norðan hennar er lambakróin 2x3m að innanmáli. Innangengt er á milli réttar og króar, en hlið hefur verið á réttinni til austurs. Stekkurinn er grjóthlaðinn og eru hleðslur mjög hrundar er lambakróin er þó heillegri.

Aðrar upplýsingar

Á örnefnamynd Auðuns H Einarssonar er sýnt á mynd örnefnið Stekkur á Landsenda.



Mynd 29. Horft til austurs yfir Landsenda og Vöðlahöfn [2064-263].

Vöðlar 2064-261

Sérheiti: Batabás, Borgarbás

Hlutverk: Lending, uppsátur

Tegund: Heimild, niðurgröftur

Staðhættir

Í örnefnaská Auðuns H Einarssonar er sýnt á mynd örnefnið Batabás á vesturströnd Landsenda. Dálítil vík er vestanvert á tanganum syðst á Landsenda.

Lýsing

Víkin er afmörkuð að sunnan af berggangi sem gengur í sjó fram. Ofan vikurinnar hefur verið skorinn niður torfbakki, líklega til að setja upp báta.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Þórólfur Vigfússon mundi eftir að hvalbein voru notuð sem hlunnar þegar bátar voru dregnir á land.

Vöðlar 2064- 262

Hlutverk: Leið

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Gata liggur upp brekku ofan stekkjars [2064-231] yst á Landsenda og heldur áfram út hliðina til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 84) segir: „Upp frá sjó og utan við Landsenda er snarbrött kletthlíð með Vöðlaskriðum milli kletta og sjávar, en ofan við klettana Gerpisdalur með stefnu suðvestur-norðaustur og leið til Sandvíkur um Gerpisskarð.“



Mynd 30.. Horft til norðust upp brekkuna austan Landsenda. Í brekkunni má sjá götu sem liggur frá Vöðlabænum, um Landsenda og út hliðina utan við.

Vöðlar 2064-263

Sérheiti: Vöðlahöfn, Höfn

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Vöðlahöfn er náttúruleg höfn innan við svokallaðan Landsenda um 900m austur af bæ á Vöðlum.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (III, bls. 85) segir: „Útræði var þar frá Vaðlahöfn, allgóðri lendingu í vari, þar var besta þarabeitin og aðalsvarðartekjan. Aftur á móti er þar snjóflóðahætt.“

Óstaðsettar minjar

Vöðlar 2064-346

Sérheiti: Illugavarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í athugasemdum við örnefnaskrá eftir Einar Guðmundsson segir: „Suður af Haugöxl er hæð, sem varða hefur verið hlaðin á, Illugavarða. Frá henni sést heim á alla bæi í Vaðlavík og inn á Vaðlavíkurheiði.“

Aðrar upplýsingar

Varðan var ekki skoðuð á vettvangi 2020.

Fornleifaskrá Ímastaða



Mynd 31. Horft til vnn yfir bæjarstæði Ímastaða ytri, Ímastaðir fremri í baksýn. Bæjarhús er vinstra megin á mynd en til hliðar við það eru leifar fjóss sem var byggt 1961 og súrheysgryfju aftan þess. Hægra megin á mynd eru svo leifar af skemmu.

Ágrip af sögu

Ímastaðir eru upphaflega kirkjueign og hjáleiga frá Vöðlum. Hún var komin í bændaeign 1918 en er nú í einkaeign.¹¹ Jarðarinnar er hvergi getið í fornum heimildum en hennar er fyrst getið í sóknemannatali 1831 og bjuggu þar þá 18 manns og virðist jörðin tvíbýl. Ímastaða 2 er þó fyrst getið í sóknemannatali 1879.¹² Í manntali er jarðarinnar fyrst getið 1835 og þá einungis talið fram annað heimilið. Býlin skiptust um Ímastaðaá og er talað um Ímastaði ytri og fremri.¹³ Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin sögð 4 hundruð og talin undir heimajörðinni Vöðlum.¹⁴

Á Ímastöðum var undirlendi og brekkur gróðursæl og búskaparskilyrði góð. Engjar þóttu góðar og hagfelldar til ræktunar að stórum hluta. Talsverð snjóþyngsli eru þar að jafnaði en annars er gróður fjölbreyttur og beitoland gott fyrir alla gripi.¹⁵

Jörðin fór í eyði 1968, en þar er nú sumarhús.


¹¹ Sveitir og jarðir, 3. bindi. bls. 86.

¹² Sjá sóknarmannatal <http://salnaregistur.mannatal.is/> skoðað 07.09.2021.

¹³ Sveitir og jarðir, 3. bindi. bls. 86.

¹⁴ Jarðatal Johnsens, bls. 374.

¹⁵ Sveitir og jarðir, 3. bindi. bls. 86.



Mynd 32. Yfirlitstekning af minjum á Ímastaðum ytri. Númer eiga við færslur í skýrslu.

Minjar á Ímastaðum ytri

Ímastaðir 2064-288

Sérheiti: Ímastaðir ytri

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild, hleðsla

Staðhættir

Ytri bærinn á Ímastaðum stóð um 20m austur af Ímastaðaá, fast ofan (norðan) vegarins sem liggur út Vöðlavík.

Lýsing

Fern steinsteypthús standa enn á Ímastaðum, þar af eru þrenn hús á gamla bæjarstæðinu og steinsteypthlaða ofar í túninu. Engin ummerki um eldri torfhús er að sjá á bæjarstæðinu, en hlaðinn grjótveggur er upp við skemmu yst á bæjarstæðinu. Einhverjar mishæðir og grjót úr hleðslu má þó sjá umhverfis bæjarhúsið. Austan íbúðarhússins er steypthljós, byggt 1958, og aftan þess steypthljósgrýfja.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1918 segir um Ímastaði ytri: „Jarðarhús: Baðstofa, eldhús, búr, hlaða fyrir 60h.“ Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 87): „Á ytri bænum byggt járnklætt timburhús tveggja



Mynd 33. Bæjarhús á Ímastaðum ytri, horft í nv.

hæða í stað torfbæjar um '25, 130 m². Eldhús og skonsa niðri ásamt búi í áföstum skúr, 2 herb. uppi." Bæjarhúsið er nú nýtt sem sumarhús. Heimildamenn vissu ekki hvort eða hvar eldra fjós hefði staði, en upp við súrheysgryfjuna voru tveir kofar, annar þeirra hundakofi.



Mynd 34, Gömul útihúsatóft [2064-278] austan túns á Ímastaðum ytri, horft í norður.

Ímastaðir 2064-278

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rétt utan (austan) túns, 250 na af bæjarstæðinu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður suður og hefur þil vitað í suður. Að utanmáli er tóftin 5x7m að stærð. Tóftin er að hluta grafin inn í brekkuna vestanvert. Hleðslur eru allt að 2m á hæð og um 1m á þykkt, nokkuð farnar að hrynja. Tóftin virðist eldri en aðrar tóftir í túni, nær algróin lyngi og lúpínu.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja þarna hafa verið hesthús.

Ímastaðir 2064-279

Sérheiti: Matarskúrin

Hlutverk: Skemma, geymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku í austanverðu túninu um 150m na af bæjarstæðinu

Lýsing

Tóftin snýr norður suður og hefur þil vitað í suður. Að utanmáli er tóftin 5x7m að stærð. Hleðslur eru allt að 2m á hæð og um 1m á þykkt, nokkuð farnar að hrynja. Tóftin er vel gróin og gróður vex í hleðslum.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja að þarna hafi verið geymsla sem kölluð var Matarskúrin. Hreinsað var út úr tóftinni vegna riðuaðgerða á seinni hluta 20. aldar.



Mynd 35. Útihúsatóft [2064-279] austast í túni á Ímastaðum ytri, horft í vsv.



Mynd 36. Fjárhústóft efst í túni á Ímastöðum ytri, horft í norður.

Ímastaðir 2064-280

Hlutverk: Óþekkt, hrútakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 120m ofan (nna) bæjarstæðis, efst í túnbrekkunni eru leifar tóftar. Hún er fast austan við hlaðinn matjurtagarð [2064-281].

Lýsing

Tóftin er um 6x6m að utanmáli og snýr norður-suður. Þekja er hrunin ofan í tóftina og hefur þil verið til suðurs. Hleðslur eru nokkuð farnar að

hrynja og er tóftin algróin. Hleðslur eru hæstar um 1m og þykkt um 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn þekktu ekki tilgang tóftarinnar en töldu hana geta verið af hrútakofa.

Ímastaðir 2064-281

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Staðhættir

Á túnakorti sjást þrír matjurtagarðar, tveir garðanna eru austan ár, en sá þriðji í landi Ímastaða fremri. Engin ummerki fundust um tvo garða, en hlaðinn garður er um 120m ofan (norðan) bæjar, fast vestan við tóft [2064-280].

Lýsing

Garðurinn er aflangur, snýr austur-vestur og kringum hann nokkuð stæðilegir veggir. Hlið hefur verið á honum til austurs. Garðurinn er 20m langur og 7m breiður að utanmáli. Veggir eru um 50cm á hæð og um 70cm á breidd. Töluverður trjágróður er nú í garðinum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 86) segir að sáðgarðar hafi verið 320 m2.



Mynd 37. Horft til vesturs yfir matjurtagarð [2064-81]. Trjágróður vex í tóftinni,



Mynd 38. Sundlaug sem hlaðin var á 8 áratug 20. aldar, horft í nv.

Ímastaðir 2064-282

Hlutverk: Sundlaug

Tegund: Hleðsla, niðurgroftur

Staðhættir

Um 6m austan Ímastaðaár, um 130m ofan (norðan) bæjarstæðis er torf- og grjóthlaðin sundlaug.

Lýsing

Sundlaugin er hlaðin upp við brekku og er um 30 löng frá norðri til suðurs og um 10 breið frá vestri til austurs. Setbekkir hafa verið hlaðnir upp við brekkuna. Þessi sundlaug mun hafa verið hlaðin á 8. eða 9. áratug 20. aldar.

Aðrar upplýsingar

Sundlaugin var hlaðin af Ómari Geirssyni á áttunda áratug 20. aldar og var vatn leitt í hana úr bæjarlæknum. Ekki er um fornleifar að ræða en mannvirkið er hér tekið með þar sem það er hlaðið úr torfi og grjóti.

Ímastaðir 2064-283

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft, steinsteypa

Staðhættir

Um 80m ofan við bæjarstæðið eru tóftir fjárhúss og hlöðu.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður, er torf og grjóthlaðin með steypum millivegg. Í heild er tóftin 11x18m að utanmáli en fjárhúsið hefur verið um 7m langt að innanmáli og hlaðan um 5m löng aftan fjárhúsanna. Veggir hafa verið mest um 2,5m á hæð og 1,5m á breidd. Innangengt hefur verið á milli fjárhúss og hlöðu.



Mynd 39. Horft til suðurs yfir fjárhús- og hlöðutóft [2064-283] í túni ofan bæjar.

Ímastaðir 2064-284

Hlutverk: Reykkofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lýsing



Mynd 40. Kofastóft í túni ofan Ímastaða ytri, Ímastaðir fremri í baksýn handan ár. Hort í sv.

Um 15m neðan (sv) fjárhúss [2064-283] og 70m ofan bæjarstæðisins er kofatóft.

Lýsing

Kofinn er grjóthlaðinn, um 3x3m að utanmáli og dyr hafa verið í suður. Kofinn er að hluta grafinn inn í brekku. Vegghleðslur eru hæstar um 80cm á hæð og um 70cm á breidd.

Ímastaðir 2064-285

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 10m ofan (norðan) íbúðarhússins á Ímastöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er torf- og grjóthlaðin, snýr nnv-ssa með dyr til sa. Hún er 10x15m að utanmáli. Veggir eru hæstir um 1.8m en 1,5m á breidd. Tóftin er vel gróin en sér í grjót í veggjum.

Aðrar upplýsingar

Í tóftina hefur verið byggt timburgólf og gerð útivistaraðstaða með heitum potti. Samkvæmt heimildamönnum var þarna hlaða sem hreinsað var úr vegna riðuaðgerða.



Mynd 41. Horft til norður yfir útihúsatóft [2064-285] skammt ofan bæjarhúsa á Ímastöðum ytri.

Ímastaðir 2064-285

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni um 80m norðaustan og ofan bæjarhúsa er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður, er 8x17m að utanmáli og veggir um 1,5m á þykkt. Hleðslur standa að hluta ágætlega, hæstar um 1,5m á hæð. Þil hefur vitað í suður. Smá kofatóft, um 3x4m að utanmáli er sunnanvert á utanverðri vesturhlið tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja þarna hafa verið fjárhús og hlöðu en hreinsað var innan úr henni vegna riðuaðgerða og því virðist vesturveggurinn óvenju þykkur.

Ímastaðir 2064-287

Hlutverk: Öskuhaugur, öskugryfja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 15m sa bæjarhússins, neðan vegar, er manngerð dæld.

Lýsing

Neðan vegar er dálítil dæld, óglögg vegna gróðurs.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn muna eftir að ösku þarna og að þar hefur líklega verið öskuhaugur eða brennt rusli.

Ímastaðir 2064-348

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Fast neðan vegar sunnan við íbúðarhúsið á Ímastöðum ytri er afgirtur reitur með trjágróðri.

Aðrar upplýsingar

Heimildamenn segja þarna hafa verið matjurtagarð Steinunnar Jónsdóttur sem bjó á Ímastöðum 1944-1966. Þetta er ekki einn þriggja matjurtagarða sem sýndir eru á túnakorti.

Ímastaðir 2064-349

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgröftur, þúst

Staðhættir

Á túnakorti sjást þrír matjurtagarðar, tveir utan Ímastaðaár og einn innan ár. Aðeins einn þessara garða var skráður. Matjurtagarður er sýndur skammt ofan íbúðarhúss á Ímastöðum ytri en engin merki sjást um hann lengur. Þarna er nú eins og dálítið græn þúst og hola í hana en búið er að slétta úr garðinum að öðru leyti.

Staðhættir

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 86) segir að sáðgarðar hafi verið 320 m². Heimildamaður, Guðni Geirsson man eftir einhverjum veggjalögum þarna en var ekki viss um hvaða tilgangi þau hafi þjónað.

Ímastaðir 2064-331

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 40m neðan vegar eru fjórar heytóftir í röð.

Staðhættir**Lýsing**

Tóft nr. 3 talið frá austri liggur norður-suður, 3x6m að utanmáli. Veggir óverulegir um 20cm á hæð, 30cm breidd.



Mynd 42. Hjörleifur Guttormsson við eina af heytóftunum [2064-331] austan túns.

Ímastaðir 2064-332

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 40m neðan vegar eru fjórar heytóftir í röð.

Lýsing

Tóft nr. 2 talið frá austri liggur norður-suður, 2,5x3m að utanmáli. Veggir óverulegir um 20cm á hæð, 30cm breidd.

Ímastaðir 2064-333

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 40m neðan vegar eru fjórar heytóftir í röð.

Lýsing

Austasta tóftin er 2x4m að utanmáli og liggur nnv-ssa. Veggir óverulegir um 20cm á hæð, 20cm breidd.

Ímastaðir 2064-334

Hlutverk: Óþekkt,
kuml?, vörður?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 10m neðan vegar eru grjóthleðslur.

Lýsing

Um er að ræða 4-5 grjóthrúgur sem virðast

hafa verið afmarkaðar af einfaldri grjótröð. Ekki er

vitað hvaða tilgangi þessar hleðslur hafi þjónað.

Aðrar upplýsingar

Hleðslunum svipar að einhverju leyti til heiðinna kumla en það er þó ekki hægt að fullyrða um tilgang þeirra.



Mynd 43. Horft til norðvesturs yfir grjóthrúgur [2064-334] og einfalda grjótröð.

Ímastaðir 2064-336

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 40m neðan vegar eru fjórar heytóftir í röð.

Lýsing

Vestasta tóftin liggur norður-suður og er einungis upphækkuð ferköntuð þúst, 3x4m að utanmáli.

Ímastaðir 2064-346

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 280m austur af Ímastaðabæ og um 40m neðan vegar eru fjórar heytóftir í röð, um 15m neðan þeirra er fimmta heytóftin.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur, 2x5m að utanmáli. Um er að ræða upphækkaða ferkantaða þúst, engir veggir greinanlegir.

Ímastaðir 2064-330

Hlutverk: Óþekkt, smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á bakka Lónsins um 400m austur af bæjarstæðinu er tóft af litlum kofa.

Lýsing

Kofinn er 2x2m að utanmáli og hafa dyr vitað í austur. Veggghæð er mest um 20cm og veggþykkt um 30cm.

Aðrar upplýsingar

Líklega er um að ræða smalakofa eða leikkofa einhversskonar.

Ímastaðir 2064-330

Hlutverk: Óþekkt, mókofi?

Tegund: Hleðsla, tóft

Staðhættir

Um 850m austur af Ímastaðabæ og 7m ofan vegar út eftir Vöðlavík eru leifar mótóftar.

Lýsing

Tóftin stendur á upphækkun sem gæti bent til að um mótóft sé að ræða en veggirnir teljast þó nokkuð veglegir. Þarna virðist um tóft að ræða, en einungis tveir veggir standa eftir af tóftinni sem gæti hafa verið skemmd við ræktunarframkvæmdir.



Mynd 44. Kofatóft [2064-330] við Lónið, horft í vestur í átt að Ímastaðum.

Ímastaðir 2064-341

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 850m austur af Ímastaðabæ í móum ofan vegar eru svarðargrafir.

Lýsing

Grafirnar eru greinanlegastar á um um 50x50m stóru svæði. Þarna er nú að hluta til unnið land. Grafirnar eru austan við stóra skriðu sem féll þarna 2014 og fleiri mógrafir kunna að hafa horfið undir hana.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 87) segir að fram um 1950 hafi eldsneyti aðallega verið svörður.



Mynd 45. Horft yfir mótóft [2064-347] í mýri milli Ímastaða og Vöðlabæjanna.

Ímastaðir 2064-347

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 650m austur af Ímastaðabæ í móum ofan vegar eru svarðargrafir. Árið 2014 féll stór skriða í Ímastaðalandi og er hún um 200m breið. Sjá má svarðargrafir bæði austan og vestan skriðuvængjarins.

Lýsing

Grafir eru sýnilegar vestan skriðunnar á um 20x30m stóru svæði. Þarna hefur land að nokkru verið þurrkað upp og kunna einhverjar mógrafir að hafa horfið við þær framkvæmdir, auk þess sem skriðan kann að hylja hluta svæðisins.



Mynd 46. Horft til austurs yfir Ímastaði ytri. Í bakka árinna má á nokkrum stöðum sjá hleðslu sem líklega hefur verið til að verja tún ágangi árinna.

Ímastaðir 2064-297**Hlutverk:** Varnargarður**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Sjá má grjóthleðslur í austurbakka Ímastaðaár, vestan bæjarstæðisins á um 60m löngum kafla.

Lýsing

Hleðslurnar eru um 60cm háar og voru skv. heimildamönnum til að varna því að áin skemmdi tún, en hún flæðir stundum yfir bakka sína þarna.

Óstaðsettar minjar**Ímastaðir 2064-350****Hlutverk:** Útræði**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 86) segir að sjósókn frá Ímastöðum hafi verið frá Vöðlahöfn.

Aðrar upplýsingar

Allar minjar um sjósókn í Vöðlahöfn eru taldar upp í kaflanum um Landsenda í umfjöllun um Vöðla. Ekki er nefnt hvaða sjóhús hafa tilheyrt hvaða bæ.

Ímastaðir 2064-351**Hlutverk:** Torfrista**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 86) segir að mótak hafi verið lélegt en torfrista allgóð.

Aðrar upplýsingar

Ekki verður fullyrt hvar torfristan fór fram, en efnistaka er sýnileg í landinu utan bæjar, hér skráð sem svarðartekja (sjá td. 2064-347 og 2064-341).

Ímastaðir 2064-352**Sérheiti:** Svínahellir**Hlutverk:** Svínarækt?**Tegund:** Heimild**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskra Vilhjálms Jónssonar (bls. 3) segir: „Botninn neðan við brúnina [Dysjardalsbrún sem Dysjardalsáin fellur fram af] heitir Svínabotn, og í honum, vestan við ána, er lítill klettaskúti, sem nefndur er Svínahellir.” Í svörum Eiríks Björnssonar í athugasemdum við örnefnaskrá (bls. 1) segir: „Hann veit ekki til, að sagnir séu um svínabúskap, sbr. Svínabotn og Svínahelli, en Guðmundur Guðnason, bóndi á Kortsstöðum, sagði honum, að jarðvegur í Svínabotni væri ótrúlega frjór.”



Mynd 47. Horft til vesturs yfir bæjastæði Ímastaða fremri. Bæjartóftin er vinstra megin á mynd. Í baksýn er sumarbústaður og bak honum minjar í heimatúninu.

Minjar á Ímastöðum fremri/innri

Ímastaðir 2064-289

Sérheiti: Ímastaðir fremri

Hlutverk: Bústaður, fjós, búr, súrheyslaða, óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 90m norðvestan við Ímastaði ytri, 65m ofan vegar út Vöðlavík og 60m innan við Ímastaðaá er bæjarstæði Ímastaða fremri.

Lýsing


Um er að ræða tvær tóftir, annars vegar tvískipta bæjartóft og samfasta minni tóft framan (sunnan við og hinsvegar aðra tóft fast aftan við. Bæjartóftin liggur austur-vestur og er 10m löng og 8m á breidd að utanmáli. Dyr voru á suður langvegg. Áföst austan hennar er tóft af fjósi sem snýr norður-suður, 8x4m að utanmáli. Innangengt hefur verið í bæjarhúsin, þil hefur vitað í suður. Tóftirnar eru grjóthlaðnar og eru veggir hæstir um 2m, veggjaþykkt 1m.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 87 segir: „Á innri bænum: Timburhús í torf-grjóttótt byggt 24 og áfastur skúr. Húsið ein hæð og kjallari, 3 herb. og eldhús“. Samkvæmt heimildamönnum var fjós áfast austan við bæjarhúsin og aftan (norðan við var áfast búr. Norðan þess, í bæjarþyrpingunni, var svo súrheysgryfja og norðan hennar vegleg tóft, en heimildamenn könnuðust ekki við hlutverk hennar,

Ímastaðir 2064-361

Hlutverk: Óþekkt, garðlag



Mynd 48. Yfirlitsteikning sem sýnir minjar í heimatúni Ímastaða fremri. Númer á mynd eiga við færslur í skýrslu.

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 2m aftan (norðan) bæjartófanna er tóft sem liggur austur vestur, 6x9m að utanmáli, dyr hafa verið í austur. Hleðslur hafa verið mest 1m á hæð og 1m á þykkt. Vegna gróðurs og veggjahruns var erfitt að gera sér grein fyrir innra skipulagi bygginganna og óljóst er hvort bæjarhús og tóftin aftan við hafa verið tengdar saman.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Ingibjörg Stefánsdóttir segir þetta hafa verið svokallaða kúahlöðu.

Ímastaðir 2064-362

Hlutverk: Súrheysgryfja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Milli kúahlöðu [2064-361] og bæjarhúss [2064-289] er svo 3m breið hringlaga súrheysgryfja.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Ingibjörg Stefánsdóttir segir að þarna hafa verið grafin súrheysgryfja eitt óþurrkasumarið.

Ímastaðir 2064-290

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku um 20m ofan (norðan) bæjarstæðisins er fjárhústóft sem snýr norður-suður.

Lýsing

Tóftin er 9x11 að utanmáli. Um er að ræða tóftir tvístæðra fjárhúsa úr grjóti og torfi. Veggir standa ágætlega í allt að 1,5m hæð og veggbreidd er 1m, veggir nokkuð hrundir inn á við. Dyr hafa vitað í suður.



Mynd 49. Fjárhús [2064-290] ofan bæjarstæðis, horft í suður.

Ímastaðir 2064-291

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 90m ofan bæjarstæðis Ímastaða fremri, efst í túni, er hesthústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og hefur þil vitað í suður. Hleðslur standa ágætlega og sést í steina, en tóftin er þó vel gróin. Vegg hæð er mest um 1m og 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1918 er talað um hesthús fyrir fjóra hesta.



Mynd 50. Hesthús[2064-291] efst í túni, horft í norður.



Mynd 51. Kofatóft [2064-292] ofan túns, horft í sv.

Ímastaðir 2064-292

Hlutverk: Leiksvæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lítil kofatóft er um 30m ofan túns og hesthústóftar [2064-291].

Lýsing

Tóftin er algróin 1,5x2m að utanmáli. Veggir eru óverulegir, hæstir um 30cm og veggjabreidd 40cm. Dyr hafa vita í ssa.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Ingibjörg Stefánsdóttir segir þetta hafa verið leikstað barna.

Ímastaðir 2064-293

Hlutverk: Brú

Tegund: Samgöngubót

Um 200m ofan við bæjarstæði Ímastaða fremri eru grjóthleðslur undan brúarstólpum á Ímastaðaá..

Lýsing

Hleðslurnar eru á bökkum árinna báðum megin. Hæstar eru þær um metri á hæð. Gata liggur að hleðslunum báðum megin lækjar.

Aðrar upplýsingar

Brúarstöplarnir eru í landi Ímastaða ytri og fremri en eru hér, til einföldunar, taldir með minjum í landi Ímastaða fremri.



Mynd 52. Hlaðnir brúarstöplar [2064-293] á Ímastaðaá.

Ímastaðir 2064-294

Hlutverk: Leið

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Um 200m ofan við bæjarstæði Ímastaða fremri eru grjóthleðslur undan brúarstólpum á Ímastaðaá.

Lýsing

Gata liggur að ánni báðum megin árinna.

Ímastaðir 2064-295

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 240m norðvestan Ímastaða fremri og 10m ofan við norðvestur horn túns er tóft.


Lýsing

Tóftin er jarðsokkin og algróin. Hún virðist tvískipt. Tóftin liggur nnv-ssa og er neðra (syðra) hólfið glegggra. Það er 5x6m að utanmáli, vegghæð mest um 30cm og veggþykkt 60cm. Efra hólfið er óglegggra um 3x4m að stærð. Vegna þess hve óglöggir veggir eru er erfitt að gera sér grein fyrir hvort innangengt hefur verið á milli tóftanna en lögun þeirra



Mynd 53. Jarðsokkin tóft [2064-295] í brekku ofan nv horn túns á Ímastaðum fremri. Horft í ssa.

bendir til að þetta geti verið stekkjartóft.



Mynd 54. Heytóft [2064-296] vestast í túni, horft í sa.

Ímastaðir 2064-296

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er í nv horni túns um 180m frá bæjarstæði.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er ferköntuð upphækkun um 4x6,5m að stærð. Veggir óverulegir, rétt um 20cm á hæð og um 20cm á breidd.

Ímastaðir 2064-298

Hlutverk: Fjárhús, hrútakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjárhús með áfastri tóft er í túni 150m nv bæjarstæðis Ímastaða fremri.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og hefur timburpil verið í suður. Þekja er niðurfallin í tóftinni þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir innra skipulagi en einn garði er þó sýnilegur. Tóftin er 10x11m að utanmáli, veggir mest um 1,6m á hæð og 1m á breidd. Áföst vestan tóftarinnar er minni tóft, líklega hrútakofi. Hún er 4x6m að utanmáli og veggir hæstir 80cm og veggjabreidd einnig 80cm. Pil hefur vitað í suður.



Mynd 55. Horft til suðurs yfir fjárhús- og hlöðutóft [2064-298] vestarlega í túni á Ímastaðum fremri.



Mynd 56. Heytóft [2064-328] í túni, horft í austur.

Ímastaðir 2064-328

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er ferköntuð upphækkun um 4x6,5m að stærð. Veggir óverulegir, rétt um 20cm á hæð og um 20cm á breidd.

Ímastaðir 2064-329

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er í túni um 60m nv af bæjarstæði Ímastaða fremri.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er ferköntuð upphækkun um 4x5m að stærð. Veggir óverulegir, rétt um 30cm á hæð og um 20cm ábreidd.

Ímastaðir 2064-299

Hlutverk: Heytóft, óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 180 vestur af bæjarstæði Ímastaða fremri, neðarlega í túni er tóft.

Lýsing

Tóftin stendur á upphækkun og líkist öðrum heytóftum á svæðinu að öðru leyti en því, að veggir eru verulegri og að vegg vantar á suðurhlið. Tóftin er 3,5x6m að utanmáli og veggir eru mest 40cm á hæð og 70cm á þykkt.



Mynd 57. Heytóft [2064-,300] í túni á Ímastöðum fremri., horft í austur

Ímastaðir 2064-300

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er neðarlega í túni um 85m vestan bæjarstæðis á Ímastöðum fremri.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er ferköntuð upphækkun um 4x6,5m að stærð. Veggir óverulegir, rétt um 20cm á hæð og um 20cm á breidd.

Ímastaðir 2064-301

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m sv af bæjarstæði Ímastaða fremri, neðan túns, er kofatóft.

Lýsing

Um er að ræða kofastóft sem snýr austur vestur og eru dyr á suðurhlið. Tóftin er algróin, veggir hæstir 40cm og um 70cm á þykkt.



Mynd 58. Hjörleifur Guttromsson við tóft af kofa [2064-301] sunnan túns á Ímastöðum fremri, horft í sv.

Ímastaðir 2064-337

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Heytóft er í móa skammt neðan túns um 180m vestan bæjarstæðis á Ímastöðum fremri.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er ferköntuð upphækkun um 2x4,5m að stærð. Veggir óverulegir, rétt um 10cm á hæð og um 20cm á breidd.

Ímastaðir 2064-327

Hlutverk: Samkomuhús

Tegund: Hleðsla, steinsteypa

Staðhættir

Um 600m sv af Ímastöðum, 16m ofan vegarins út víkina eru leifar samkomuhúss.

Lýsing

Um er að ræða steinsteypa grunnplötu, undirstöðu húss og steypa gólfplötu úr bragga. Grjóthlaðnar undirstöður eru undir steypum veggjum. Grunnur braggans lá austan verslunarhúsanna og var var 3,5x6,5m að stærð. Grunnur verslunarhúsanna er um 5x7,7m, steipt veggjaundirstaða er hæst um 40cm og um 40cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni Þórólfi Vigfússyni var þarna samkomuhús á vegum Ungmennafélagsins Fjólu. Annarsvegar var braggi sem var nýttur sem samkomuhús og svo hinsvegar

veitingasalur. Þessi hús voru reist eftir seinni heimstyrjöld og stóðu enn 1974 þegar Sveitir og jarðir komu út. Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 84) segir: „Frá þeim tíma er lítið samkomuhús, sem enn stendur, og þess má geta til, að stundum hafi verið stiginn liðugt dansinn, er víknafólkið milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar kom þar saman til gleðskapar.“



Mynd 59. Hjörleifur Guttormsson við steiptan grunn samkomuhúss [2064-327]

Ímastaðir 2064-345

Hlutverk: Skurður

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 86) mun eitthvað hafa verið af handgröfnum framræsluskurðum á Ímastöðum.

Aðrar upplýsingar

Hnit var tekið á handgröfnum skurði vestarlega í túni á Ímastöðum fremri en óvíst er hvort einhver skurðanna neðan og utan bæjar var handgrafinn en þar eru margir vélgrafnir skurðir.

Ímastaðir 2064-358

Hlutverk: Óþekkt, garðlag

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 850m inn af Ímastöðum fremri er garðlag sem liggur upp skriðu.

Lýsing

Hlaðinn garður upp að stórum stein í skriðu, sést vel á um 20m löngum kafla.

Aðrar upplýsingar

Tilgangur óviss. Garðurinn er skammt frá landamerkjum en hvergi er getið um landamerkjagarð. Gæti etv. verið undan vírgirðingu.



Mynd 60. Garðlag [264-358] í skriðu vestan Ímastaða. Horft í norður. Ljós. H.G.

Ímastaðir 2064-361

Sérheiti: Kúahlaða

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 2m aftan (norðan) bæjartófanna er tóft sem liggur austur vestur, 6x9m að utanmáli, dyr hafa verið í austur. Hleðslur hafa verið mest 1m á hæð og 1m á þykkt. Vegna gróðurs og veggjahruns var erfitt að gera sér grein fyrir innra skipulagi bygginganna og óljóst er hvort bæjarhús og tóftin aftan við hafa verið tengdar saman.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Ingibjörg Stefánsdóttir segir þetta hafa verið svokallaða kúahlöðu.

Ímastaðir 2064-362

Hlutverk: Súrheysgryfja

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Milli kúahlöðu [2064-361] og bæjarhúss [2064-289] er 3m breið hringlaga súrheysgryfja.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Ingibjörg Stefánsdóttir segir þarna hafa verið grafna súrheysgryfju eitt ópurkasumar.

Óstaðsettar minjar

Ímastaðir 2064-353

Hlutverk: Landamerkjasteinn

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í móum neðst í fjallsbrekku á mörkum Ímastaða og Karlstaða.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Gísli Guðjónsson, segir þarna vera landamerkjastein sem á er klappaður stafurinn L. Fannst ekki við vettvangsskráningu 2020 og skráning af loftmynd er of ónákvæm til að hægt sé að staðsetja steinninn með viðundandi nákvæmni.

Ímastaðir 2064-281

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Staðhættir

Á túnakorti sjást þrír matjurtagarðar, tveir garðanna eru austan ár, en sá þriðji í landi Ímastaða fremri.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 86) segir að sáðgarðar hafi verið 320 m². Á túnkorti eru sýndir þrír matjurtagarðar á Ímastöðum, þ.m.t. einn í landi Ímastaða fremri. Engin ummerki fundust um þennan garð við vettvangsskráningu en eru nú líklega innan girðingar við sumarbústað.

Fornleifaskrá Karlstaða



Mynd 61. Yfirlitsmynd af bæjarstæði Karlstaða. Hægra megin á mynd er ferðaskáli Ferðafélags Fjarðamanna, en vinstra megin má sjá leifar af steiptum húsgrunni seinasta bæjarins á Karlstöðum og bak honum bæjarhólinn með leifum eldri bæjarhúsa.

Ágrip af sögu


Karlstaðir er innsti bær í Vöðlavík, norðan Kirkjubólssár. Jörðin er upphaflega hjáleiga frá Vöðlavík og kirkjueign, en er nú í ríkiseigu.¹⁶ Karlstaða er hvergi getið í fornum heimildum. Jarðarinnar er fyrst getið í manntali frá 1703 og bjuggu þar þá 12 manns, þar af kona og tveir synir hennar sem eru sögð í húsmennsku. Jörðin var lengstum tvíbýl, og tveir bæir eru sýndir á túnakorti jarðarinnar frá 1918. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin talin upp sem hjáleiga frá Vöðlum og metin 4 hundruð að dýrleika.¹⁷ Búið var á Karlstöðum fram til 1968.



Mynd 62. Steyptur húsgrunnur síðasta íbúðarhússins [2064-304].

¹⁶ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 87.

¹⁷ Jarðatal Johnsens, bls. 374.



Mynd 63. Yfirlitstekning af minjum í og við heimatún á Karlstöðum. Númerin eiga við færslur í texta.

Karlstaðir 2064-304

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fast neðan vegar, rétt um 7m vestur af bæjarlæknum eru leifar af steinsteyptum grunni hússins sem þar var byggt 1933.

Lýsing

Grunnurinn er um 6x7m að grunnfleti. Fast vestan hans er svo upphækkuð flöt, að hluta grjóthlaðin og að hluta steyp. Þessi flöt er um 16m löng frá vestri til austurs og veggir hennar eru um 1,5m á hæð.

Aðrar upplýsingar

Árið 1933 var byggt timburhús í steinsteyptum grunni neðan vegar sem í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 88) er lýst svo: „Enn stendur timburhús byggt ,33 úr norsku húsi frá Hróteyri Reyðarfirði. Ein hæð og loft með súð, 3 herb. og eldhús niðri, 2 uppi. Skv. F’72: Járnlætt íbúðarhús 200m², fjós f. 5, fjárhús f. 150 og hlaða 200m³.“

Karlstaðir 2064-305

Hlutverk: Híbýli, skemma, fjós

Tegund: Tóftaþyrping

Staðhættir

Á túnakorti 1918 eru sýndir tveir bæir og eru tóftir bæjanna annarsvegar fast ofan vegar út Vöðlavík, hinsvegar fast neðan vegar og hefur vegurinn verið lagður þvert í gegnum bæjarstæðið.

Lýsing

Leifar bæjarins ofan vegar eru á upphækkun sem bendir til endurbyggingar og er bæjarhóllinn um 20x30m að stærð. Hlaðinn kjallari undan timburhúsi sem byggt var 1916 snýr austur-vestur og er um 14x20m að utanmáli en vegna gróðurs var erfitt að greina nákvæmlega herbergjaskipan. Líklega er byggt ofan í tóftir gamla torfbæjarins. Tvær kofatóftir voru áfastar bæjartóftinni, annarsvegar við norðvestur horn, hinsvegar við norðaustur horn. Tóftin er 17m á lengd og 14m á breidd að utanmáli. Hún snýr austur-vestur og er algróin en sumstaðar sér enn í steina í hleðslum. Veggjahæð var mest um 2,5m og þykkt um 2m. Fast sunnan hennar eru leifar af ferkantaðri flöt sem gæti hafa verið matjurtagarður.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88 segir: „Gamall torfbær, baðstofa um 3 rúmlengdir, skarsúð. Timburhús í tótt byggt '16, hæð og loft, eldhús og 1 herb. niðri, uppganga úr eldhúsi og á palli 2 súðarherbergi.”

Í yfirmati fasteigna frá 1918 er húsakosti á Karlstöðum svo lýst: „Karlstaðir. Baðstofa, eldhús, skemma. Hús leiguliða: 2 fjárhús fyrir 70 fjár, 2 hlöður, hesthús fyrir 3 hesta, Íbúðarhús, 1 hlaða, 1 fjárhús.

Heimildamaður Svanhildur Stefánsdóttir segir að fjós hafi verið áfast við bæinn.

Karlstaðir 2064-306

Hlutverk: Hlaða, óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 20m vestur af bæjarstæði Karlstaða og um 9m ofan þjóðbrautar eru leifar hlöðu og kofatóftar með óþekkt hlutverk.

Lýsing

Tóftin snýr norður suður og hefur timburpil vitað í suður. Enn sést grjót í hleðslum en tóftin er þó vel grasi gróin. Hún er 13m að lengd og 7m að breidd að utanmáli. Vegghleðsla er hæst 1m en veggir eru alls

1,5m á þykkt. Timbur og bárujárn eru í tóftinni og því var ekki hægt að greina garða. Áföst við vesturhlið er minni tóft um 2x3m að innanmáli. Dyr hafa verið á honum til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni Þórólfi Vigfússyni var þarna kúahlaða og man hann eftir að hafa náð í hey í hlöðuna. Fjosið hinsvegar var á bæjarstæðinu. Í yfirmati fasteigna frá 1918 er húsakosti á Karlstöðum svo lýst „Karlstaðir. Jarðarhús: Baðstofa, eldhús, skemma. Hús leiguliða: 2 fjárhús fyrir 70 fjár, 2 hlöður, hesthús fyrir 3 hesta. Íbúðarhús, 1 hlaða, 1 fjárhús.“



Mynd 64. Horft til norðurs yfir fjárhústóft [2064-306] vestan bæjarstæðis.

Karlstaðir 2064-307



Mynd 65. Horft til vesturs yfir fjárhús- og hlöðutóft [2064-307] vestarlega í túni.

er húsakosti á Karlstöðum svo lýst; „Karlstaðir. Baðstofa, eldhús, skemma. Hús leiguliða: 2 fjárhús fyrir 70 fjár, 2 hlöður, hesthús fyrir 3 hesta. Íbúðarhús, 1 hlaða, 1 fjárhús.“ Heimildamaður, Þórólfur Vigfússon, segir þessi hús hafa verið kölluð Hakahús.

Sérheiti: Hakahús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða, hrútakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 130m norðvestur af bæjarstæði Karlstaða, vestast í túni er tóft af fjárhúsi og hlöðu.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur. Fjárhústóftin er 6x12m að utanmáli með garða fyrir miðju. Dyr hafa vitað í austur. Áföst vestan hennar er hlöðutóft og dyr milli hlöðu og fjárhúss. Veggir eru hæstir 1,5m og allt að 1,5 á breidd. Áföst við suðurhlið er tóft af hrútakofa 2x3m að innanmáli. Dyr hafa verið á henni í austur. Tóftin er vel gróin en sést í hleðslugrjót víða.

Aðrar upplýsingar

Hér er um að ræða eitt þeirra þriggja fjárhúsa sem getið er um í fasteignamati 1918, en óvíst hvorum bænum það tilheyrir. Í yfirmati fasteigna frá 1918¹⁸

Karlstaðir 2064-308

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Ummerki um mógrafir og mögulega torfristu er að finna í túni. Hnit er tekið vestarlega í túni.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88) segir: „[...] mótak, léleg torfrista. Grasatekja á Haugunum og svarðartekja í túni.“



Mynd 66. Horft til sa yfir mógrafir [2064-308] vestan túns.

Karlstaðir 2064-309

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

¹⁸ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://jardavefur.skjalasafn.is/> skoðað 01.08.2020.

Staðhættir

Fornleg tóft er í túni um 145m norðvestur af bæjarstæðinu á Karlstöðum og um 7m vestur af fjárhús og hlöðutóft [2064-310].

Lýsing

Um er að ræða tóftaupphækkun sem er jarðsokkin og veggjalög óglögg og virðist hún eldri en aðrar tóftir í túni. Greina má möguleg þrjú hólfi í tóftinni, en veggjalög eru öll heldur óglögg, mest um 50cm á hæð og sumstaðar a.m.k. metri á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist helst seltóft en engar heimildir eru um sel þarna.



Mynd 67. Vinstra megin á mynd má sjá fjárhústóft (Hólhúsum) [2064-310] en hægra megin eru jarðsokknari leifar eldri tófta með óþekkt hlutverk [2064-309].

Karlstaðir 2064-310

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir tvístæðra fjárhúsa og hlöðu eru efst í túni 145m norðvestur af bæjarstæðinu á Karlstöðum.

Lýsing

Fjárhúsin snúa norður-suður 9x11m að utanmáli. Um er að ræða tvö samhliða fjárhús aðskilin með vegg og eru garðar í báðum húsum. Innangengt hefur verið úr báðum húsum í hlöðuna sem snýr þvert aftan þeirra. Hlaðan er 6x13m að utanmáli. Tóftirnar eru vel grónar en enn sér í hleðslur. Bárujárn og timbur er í tóftunum.

Aðrar upplýsingar

Hér er um að ræða eitt þeirra þriggja fjárhúsa sem getið er um í fasteignamati 1918 en óvíst hvorum bænum það tilheyrði. Í yfirmati fasteigna frá 1918¹⁹ er húsakosti á Karlstöðum svo lýst; „Karlstaðir. Baðstofa, eldhús, skemma. Hús leiguliða: 2 fjárhús fyrir 70 fjár, 2 hlöður, hesthús fyrir 3 hesta, Íbúðarhús, 1 hlaða, 1 fjárhús.“

Karlstaðir 2064-311

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

¹⁹ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands <http://jardavefur.skjalasafn.is/> skoðað 01.08.2020.

Staðhættir

Í túni um 105m ofan (na) bæjarstæðis Karlstaða er tóft af útihúsi.

Lýsing

Tóftin er algróin, snýr nnv-ssa og hefur þil verið í suður. Kofinn er um 5x7m að utanmáli, veggir hæstir um 1,5m og breidd 1m. Timbur er í tóftinni.

Karlstaðir 2064-312

Hlutverk: Óþekkt, brunnur?

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 95m beint ofan (norðan) bæjarstæðis Karlstaða er hringlaga niðurgröftur.

Lýsing

Um er að ræða hringlaga holu, um 70cm í þvermál. Vatn er í botni hennar og er mögulega um að ræða gamlan brunn.



Mynd 68. Horft til sv yfir tóft [2064-311] í túni, í baksýn má sjá bæjarstæðið.

Karlstaðir 2064-313

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

85m ofan (norðan) bæjarstæðis á Karlstöðum er tóft, mögulega af hesthúsi.



Mynd 69. Kofatóft [2064-314] í forgrunni og leifar mögulegs hesthúss [2064-313] fjær á mynd. Bæjarstæðið í baksýn, horft í sv.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur 5x9m að stærð, veggir eru hæstir 1,2m og 1m á breidd. Tóftin er vel gróin en steinar sjást í hleðslu að innanverðu. Leifar af þekju eru enn í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 1918 er getið um hesthús fyrir þrjá hesta.

Aðrar upplýsingar

Í yfirmati fasteigna frá 1918 er talið upp hesthús fyrir þrjá hesta.

Karlstaðir 2064-314**Hlutverk:** Óþekkt, kofi**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í túni um 100m ofan (norðan) bæjarstæðis Karlstaða er tóft af kofa.

Lýsing

Tóftin snýr nnv-ssa og er 4x5m að utanmáli. Veggir eru hæstir 30cm og veggjaþykkt er 60cm. Dyr hafa verið í ssa.

Aðrar upplýsingar

Tóftin liggur við vesturenda garðlags [2064-338]

Karlstaðir 2064-339**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Í túni um 110m norðvestur af bæjarstæði Karlstaða er þúst.

Lýsing

Þústin virðist manngerð, gæti verið leifar smákofa en engir veggir eru þó greinanlegir og þústin er algróin.



Mynd 70. Horft til vesturs yfir stutt garðlag [2064-338]. Í baksýn er kofatóft [2064-214]

Karlstaðir 2064-338**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

105m ofan (norðan) bæjarstæðis Karlstaða er garðbrot.

Lýsing


Garðurinn liggur austur-vestur er um 10m langur, um 40cm á hæð og 60cm breiður. Við vestari enda hans [2064-314] er tóft af kofa en óvíst hvort garðurinn tengist honum.

Karlstaðir 2064-315**Hlutverk:** Óþekkt, kofi**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 90m ofan (norðan) við bæjarstæði Karlstaða er tóft af kofa.

Lýsing

Tóftin er gamallæg, jarðsokkin og veggir óglöggir. Hæð veggja er rétt um 10cm og breidd veggja ekki meiri en 20cm. Dyr hafa vitað í norðaustur.



Mynd 71. Yfirlitstekning sem sýnir minjar í Hnausabrekki.

Karlstaðir 2064-318

Sérheiti: Hnaushús (neðri)

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 660m vestan og innan bæjarstæðis á Karlstöðum, um 50 ofan Kirkjubólsár og 115m neðan vegar niður í víkina er tóft af beitarhúsum, fjárhúsum og hlaða.

Lýsing

Tóftin liggur nnv-ssa, 17m löng og 7m á breidd. Um er að ræða fjárhústóft með hlöðu aftan við.

Garði er í fjárhúsunum og innangengt er af honum inn í hlöðuna. Tóftin er algróin að utan er sér í hleðslur að innan. Veggir voru hæstir um 2m í hlöðunni en veggjaþykkt var um 1,5m. Leifar af þekju eru enn í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 88) segir: „Vegruðningurinn út í Vöðlavík liggur af Viðfjarðarvegi rétt utan við Þverá í Hnausbrekkunum. Á þeim slóðum stóðu beitarhús, Hnaushús kölluð.”

Heimildamaður, Þórólfur Vigfússon, segir þarna hafa verið tvenn hús, Hnaushús efri og Hnaushús neðri. Þessi tóft er líklega af neðri húsunum. Tvær aðrar fjárhústóftir eru í brekkunni ofan og innan beitarhúsatóftarinnar en óvíst er hvor þeirra hefur talist til efri húsanna.



Mynd 72. Horft til austurs yfir tóftir Hnaushúsa [2064-318].

Karlstaðir 2064-319**Hlutverk:** Óþekkt, smalakofi?**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 30m utan (austan) við Hnaushús [2064-318] er kofatóft.

Lýsing

Tóftin snýr ssv-nna, er 3x5m að utanmáli. Tóftin er grjóthlaðin og mjög hrunin og ekki hægt að greina dyr. Veggir hástir um 30cm og þykkt þeirra um 50cm.



Mynd 73. Horft til vesturs yfir Hnaushús, í forgrunni er kofatóft [2064-319] en beitarhúsin [2064-318] eru fjær á mynd.

Karlstaðir 2064-316**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 180m vestan og ofan við Hnaushús [2064-318] er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 6x10m að utanmáli og snýr nnv-ssa. Garði er fyrir henni miðri og timburpil hefur vitað í ssa. Hleðslur nokkuð farnar að hrynja, veggir eru hástir 80cm og um 1m á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort fjárhúsin hafi verið í notkun á sama tíma og beitarhúsin, eða hvort um eldri hús er að ræða.



Mynd 74. Horft til norðs upp Hnausabrekkur. Fyrir miðri mynd eru tóftir fjárhúss [2064-317].

Karlstaðir 2064-317**Hlutverk:** Fjárhús, hrútakofi?**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 85m vestan og ofan við Hnaushús [2064-318] er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður suður og hefur timburpil vitað í suður, hún er 4x5m að utanmáli og garði fyrir miðju. Veggir eru hástir um 50cm og veggþykkt um 80cm. Hleðslur eru mjög hrundar.

Karlstaðir 2064-320**Hlutverk:** Óþekkt, sel?, heytóft?**Tegund:** Tóft

Staðhættir

Um 100m norðaustur af Hnaushúsum [264-318] eru tvær fornlegar tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er stærri 2x5m að utanmáli. Dyr hafa vitað í suður. Veggir eru hæstir 30cm og breidd um 50cm, algrónir.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar eru lyngi vaxnar og eldri en tóftirnar sem eru á Hnaushúsum [2064-318]. Óvíst hvaða tilgangi þær hafa þjónað. Vera kann að þær hafi tileyrt seli sem þarna hefur verið en veggir eru svo óverulegir að þarna gæti líka verið um heytóftir að ræða.



Mynd 75. Horft til suðurs yfir grónar tóftir [2064-320 og 340] í móa austan Hnaushúsa.

Karlstaðir 2064-340

Hlutverk: Óþekkt, sel?, heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 100m norðaustur af Hnaushúsum [264-318] eru tvær fornlegar tóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er minni, 2x3m að utanmáli. Suðurvegg vantar. Veggir eru hæstir 30cm og breidd um 50cm, algrónir.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar eru lyngi vaxnar og eldri en tóftirnar sem eru á Hnaushúsum [2064-318]. Óvíst hvaða tilgangi þær hafa þjónað. Vera kann að þær hafi tileyrt seli sem þarna hefur verið en veggir eru svo óverulegir að þarna gæti líka verið um heytóftir að ræða.



Mynd 76. Horft til suðvesturs yfir rétt [2064-321] í hvammi austan Dysjardalsár.

Karlstaðir 2064-321

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á sléttlendi í hvammi fast austan Dysjardalsár um 70 ofan (norðan) brúarinnar á ánni eru leifar grjóthlaðinnar réttar.

Lýsing

Réttin er um 13x13m að stærð og á henni a.m.k. fjórir inngangar. Vegghleðslur standa ágætlega en eru þó nokkuð farnar að hrynja. Þykkt veggjar er um 1m en mesta hæð 1,2m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Þórólfur Vigfússon, segir réttina hafa verið lögrétt vikurinnar.

Karlstaðir 2064-324

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Um 170m norðan Víkurvatns og um 20m neðan vegarins niður í Vöðlavík eru tvær tóftir, líklega heytóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin snýr nnv-ssa, er 3x5m að utanmáli og stendur á nokkurri upphækkun. Veggir eru óverulegir, hæstir 10cm og mesta veggþykkt er 20cm.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar liggja ofan á upphækkunum sem bendir til endurbygginga á sama stað. Óvíst hvort þær byggingar hafi þjónað öðrum tilgangi.



Mynd 77. Horft til su yfir Víkurvatn. Vinstra megin við vegslóðann má sjá heytóft [2064-324].



Mynd 78. Heytóft [2064-323], horft í nv.

Karlstaðir 2064-323

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Um 170m norðan Víkurvatns og um 20m neðan vegarins niður í Vöðlavík eru tvær tóftir, líklega heytóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er 7m sunnan þeirrar nyrðri og snýr nnv-ssa. Tóftin sjálf er 3x5m að utanmáli en hún stendur á upphækkun sem er ca. 4x7m. Veggir eru einungis um 10cm háir og 20cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar liggja ofan á upphækkunum sem bendir til endurbygginga á sama stað. Óvíst hvort þær byggingar hafi þjónað öðrum tilgangi.

Karlstaðir 2064-322

Hlutverk: Vörulager, kaupfélag

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Staðhættir

Á gatnamótum vegarins að Vöðlum og vegar að Kirkjubóli og Þverá eru leifar af steinsteypum grunni bragga. Grunnurinn er 6x6m að innanmáli og platan steinsteyp, en undirstaða veggja er grjóthlaðin og er hleðslan um 40cm á hæð og breidd.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni, Þórólfi Vigfússyni, mun bragginn hafa tengst verslun kaupfélagsins Bjarkar. Í grein í blaðinu Austra (32. tölublaði 1999, bls. 5) segir „Um tíma var vörulager frá kaupfélaginu Björk í Vöðlavík og þangað voru fluttar vörur til vetrarins [...]“ Kaupfélagið Björk var stofnað á Eskifirði 1935 og var með útibú í Vöðlavík (sótt á <http://www.eskifjordur.is/fyrirtaeki.htm> 26.10.2021)



Mynd 79. Horft til suðaustur yfir grunn vörulagers kaupfélagsins Bjarkar á Eskifirði.

Heimildamaður, Svanhildur Stefánsdóttir, segir að til að nálgast vörur úr geymslunni hafi þurft að hafa samband við starfsmann þess á Karlstöðum sem opnaði eftir þörfum.

Karlstaðir 2064-323

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 88) segir: „Vegruðningurinn út í Vöðlavík liggur af Viðfjarðarvegi rétt utan við Þverá í Hnausbrekkanum.“

Aðrar upplýsingar

Hnit voru tekin á veginum norðvestan við Víkurvatns.

Karlstaðir 2064-335

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti má sjá þrjá matjurtagarða. Garður er sýndur norðan við bæjarhúsin neðan vegar. Engin ummerki fundust um garðinn en þarna liggur nú vegurinn út Vöðlavík.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88) segir: Sáðgarður 120 m².

Hnit var sett á garðinn, þar sem hann hefði að líkindum verið skv. túnakorti.

Karlstaðir 2064-354

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti má sjá þrjá matjurtagarða. Garður er sýndur úti við bæjarlæk austan bæjarhúsanna sem nú eru ofan vegar. Engin ummerki fundust um garðinn en þarna var mikill gróður og vegur hefur verið lagður í gegn um svæðið að hluta.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88) segir: Sáðgarður 120 m².
Hnit var sett á garðinn ca. þar sem hann hefði verið skv. túnakorti.“

Óstaðsettar minjar

Karlstaðir 2064-355

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti má sjá þrjá matjurtagarða. Sá nyrsti þeirra hefur verið í norðvestanverðu túninu. Engin ummerki fundust um garðinn á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88) segir: Sáðgarður 120 m².

Karlstaðir 2064-356

Hlutverk: Kuml?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi. bls. 88) segir: „Tveir túnhólar, sem virtust mannaverk. Þeir stóðu í þýfi, en þó slétt í kringum þá, sem gaf til kynna, að jarðvegur hefði þar verið tekinn í hólana. Sagnir um, að maður væri heygður í öðrum, en hestur í hinum.”

Aðrar upplýsingar

Engin ummerki fundust um þessa hóla við vettvangsrannsókn 2020 og í Árbók Ferðafélags Íslands (2005, bls. 80) segir: „Þegar heimamenn grófu þar eitt sinn fannst hins vegar ekkert og voru hólarnir jafnaðir við jörðu.“

Hvorki Þórólfur Vigfússon né Svanhildur Stefánsdóttir könnuðust við þessa hóla.

Karlstaðir 2064-357

Hlutverk: Landamerki, varða

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (3. bindi. bls. 88) segir: „Mörkum við Ímastaði er lýst þar, en við Kirkjuból eru mörk við vörðu, gömlum gönguvísi, á Innra-Heiðarvarpi, sjónhendingu þaðan í Ytra-Heiðarvarp [...]”

Aðrar upplýsingar

Ekki var gengið á vörðuna við vettvangsskráningu 2020.

Ímastaðir 2064-360

Hlutverk: Útræði

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 88) segir að Karlstaðir hafi átt útræði frá Vöðlahöfn.

Aðrar upplýsingar

Allar minjar um sjósókn í Vöðlahöfn eru tiltaldar í kaflanum um Landsenda í umfjöllun um Vöðla. Ekki er tiltalið hvaða sjóhús hafi tilheyrt hvaða bæ.

Samantekt

Alls voru 148 minjar skráðar á jörðunum Vöðlum, Ímastöðum ytri og fremri og Karlstöðum í Vöðlavík. Í þeim tilfellum sem minjar fundust ekki við vettvangsskoðun eða ekki gafst færi á að ganga á staðina eru minjarnar einungis skráðar upp úr heimildum. Slíkar minjar eru ekki hnitsettar og því ekki staðsettar á korti. Minjar skráðar upp úr heimildum voru alls 10, eða 7% allra minja (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjöldi minja á jörðunum tveimur.

Jörð	Heildarfjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi	Úr heimildum
Vöðlar	68	67	1
Ímastaðir ytri	29	26	3
Ímastaðir fremri	19	17	2
Karlstaðir	32	28	4
Samtals	148	138	10

Vegna þess hve langt er síðan flutt var úr Vöðlavík og lítið þá orðið um vinnslu með stórvirkum vinnuvélum er þar að finna heildstætt menningarlandslag, ríkt af byggingaleifum og öðrum menjum um daglegt líf og störf íbúanna. Þrátt fyrir að búið hafi verið í Vöðlavík frá öndverðu eru flestar minjanna sem skráðar voru hefðbundnar landbúnaðar- og útgerðarminjar frá 19. – 20. öld. Það kemur til vegna takmarkaðs landrýmis þar sem eldri mannvirki hafa horfið vegna jarðsvegsframkvæmda, verið endurbyggð eða leifar þeirra hafa hafnað undir yngri mannvirkjum. Það er því fátt ofanjarðar sem minnir á forna tíð. Elstu minjar sem skráðar voru eru svokallaður Hringhóll [2064-248] í landi Vöðla, eldri tóft [2064] í túni á Karlstöðum og hleðslur í landi Vöðla [2064-243 og 253] og Ímastaða [2064-334] sem svipar til kumla en gætu þó verið leifar af vörðum eða annarskonar grjóthleðslum.

Einhverjar minjanna falla ekki enn undir 100 ára reglu laga um menningarminjar en þær eru hafðar með sem mikilvægur hluti þeirrar minjaheildar sem svæðið hefur að geyma. Þó eru uppistandandi byggingar ekki taldar með í skránni.

Minjar á Ímastöðum eru að mestu flokkaðar skv. uppskiptingu jarðanna, þ.e.a.s. minjar utan Ímadalsár eru taldar með Ímastöðum ytri en minjar innan árinna eru taldar með Ímastöðum fremri. Ýmsar minjar hafa þó vísast heyrt til báðum jörðum, s.s. minjar tengdar mónýttjum. Útgerðarminjar eru allar í landi Vöðla og því skráðar með jörðinni, en sjósókn var stunduð af öllum bæjum við Vöðlahöfn og því um sameiginlegar nytjar allra bæja þar að ræða. Áhugavert er að engar seltóftir fundust við skráninguna og engin örnefni tengd seljum eru þekkt í löndum jarðanna. Þó svo seljabúskapur hafi snemma lagst af, má reikna með að sel hafi verið að finna a.m.k. frá Vöðlum. Tvær gamallegar tóftir [2064-320 og 340] í Hnausum innan við Karlstaði gætu mögulega tilheyrt seljabúskap en þær eru þó eins líklegar til að vera heytóftir.

Annar möguleiki er að seljabúskapur hafi verið á annarri hvorri hjáleiganna, Ímastöðum eða Karlstöðum og ummerki um hann horfið eftir að búskapur hófst þar. Einu tóftirnar [2064-309] sem gætu mögulega líkst seltóftum eru jarðsokknar tóftir í Karlstaðatúni. Um það verður þó ekkert fullyrt, og eins víst að þær hafi tengst búskap frá upphafi byggðar þar á bæ.

Minjar á Vöðlum

Vöðlar eru, auk Kirkjubóls, annar upphafsþæja í Vöðlavík og átti jörðin allt land norðan Kirkjubólsár. Landinu var síðar skipt upp og stofnaðar hjáleigurnar Ímastaðir og Karlstaðir. Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga frá lokum 14. aldar en þá var hún í eigu Kolfreyjustaðakirkju. Hún komst svo í bændaeigu í upphafi 20 aldar.²⁰ Búskapur á Vöðlum dróst verulega saman um og eftir miðja 20. öld en býlið fór endanlega í eyði 1970.²¹ Á Vöðlum er að finna heildstætt minjalandslag, bæði tengt sjósókn og landbúskap. Þar sem búskapur lagðist fremur snemma af og heimatún voru aldrei unnin með vélum, er enn að finna fjölda minja í og við tún sem gefa hugmynd um húsakost og búskaparhætti á Vöðlum á síðari hluta 19. og fyrri hluta 20 aldar. Seinasta íbúðarhúsið stendur enn í gamla bæjarhólnum [2064-259] og umhverfis eru ósnertar vegghleðslur annarra húsa á bæjarstæðinu. Í upphafi 20. aldar var tvíbýli á Vöðlum og stóðu tvö timburhús hlið við hlið á bæjarstæðinu. Íbúðarhús var skammt vestan þess húss sem enn stendur en það fauk 1945 og nú er þar einungis grjóthlaðinn grunnur [2064-361]. Grunnur hússins er skráður sér en önnur hús á bæjarstæðinu eru skráð sem hluti af heild. Við bæjarlæk er að finna leifar a.m.k. einnar myllutóftar [2064-236] og í túni er að finna handgrafna skurði og tóftir ýmissa útihúsa. Leifar tveggja stæðilegra fjárhúsa [2064-232 og 233] eru austast í túni og voru þau hús lengst í notkun. Fjárhús og hlöðutóftir [2064-249, 267, 268, 269 og 270] er einnig að finna upp með vesturbakka Beljanda, innan túns. Neðst í túni er hlaðinn náthagi [2064-258] og rétt neðan túns leifar af heillegri fjárrétt [2064-247]. Í móa neðan túns, vestan Beljanda, er að finna tvær kvíatóftir [2064-264 og 250]. Neðan þeirra á valllendisflöt inn af sandfjörinni í botni víkurinnar er svokallaður Hringhóll [2064-248], hólmyndun með óglöggum veggjaleifum. Munnmælasögur eru um að þar sé að finna landnámsbæinn. Ekki verður það fullyrt án frekari rannsókna, en vissulega er þarna um að ræða fornlegustu minjarnar af þeim sem skráðar voru. Um 800 m utan bæjar er Landsendi, Innan hans er Vöðlahöfn [2064-263] þar sem gert var út frá bæjunum í norðanverðri víkinni. Þar var einnig að finna sjóhús sem var nýtt sem vöruhús [2064-221], en þar voru vörur geymdar til vetrarins. Þarna eru einnig menjar um uppsátur [2064-261] og tvö önnur sjóhús [2064-220 og 222]. Auk Vöðla áttu Ímastaðir og Karlstaðir útræði frá Landsenda, en ekki er vitað með vissu hvaða sjóhús tilheyrðu hverri jörð. Á Landsenda er einnig að finna leifar þriggja beitarhúsa [2064-214, 216 og 223], fjárborga [2064-217 og 218] og stekkjar [2064-231] frá Vöðlum. Þar eru líka veglegar mógrafir og nokkrar mótóftir, þar sem mór var þurrkaður og geymdur. Aðrar mógrafir er einnig að finna innan við Vöðla, bæði ofan og neðan vegar. Ofan vegar hefur land verið þurrkað upp með skurðum, gerðum með stórvirkum vinnuvélum. Ekki er að sjá að þar hafi verið lokið við að vinna tún.

²⁰ SJM 3. bindi, bls. 84.

²¹ SJM, 3. Bindi, , bls. 85.

Minjar á Ímastöðum

Ímastaðir voru hjáleiga frá Vöðlum og er jarðarinnar fyrst getið í sóknamannatali á fyrri hluta 19. aldar. Síðar var jörðinni skipt upp í Ímastaði I og II, stundum kallaðir Ímastaðir ytri og fremri. Land bæjanna skiptist um Ímastaðaá og voru Ímastaðir II vestan ár, en þeirrar jarðar er fyrst getið á síðari hluta 19. aldar. Býlið er svo komið úr ábúð 1968.²² Á báðum bæjum er að finna heildstætt minjalandslag sem ber búskaparháttum á fyrrihluta 20. aldar gott vitni. Býlið átti útræði frá Vöðlahöfn við svokallaðan Landsenda í landi Vöðla.

Ímastaðir ytri

Á Ímastöðum ytri [2064-228] var gamli torfbærinn aflagður 1925, en hann er nú horfinn undir seinni tíma byggingar.²³ Á bæjarstæðinu standa enn íbúðarhús, fjós, súrheyslaða, skemma og hlaða. Þessum byggingum er við haldið og þær nýttar sem sumarhús. Minjar á Ímastöðum eru allar dæmi um 19. -20. aldar búskap, nema ef vera skyldu grjóthleðslur [2064-334] neðan vegar og utan bæjar, en óvíst er um tilgang þeirra eða aldur. Á bæjarstæðinu er fátt sem minnir á gamla torfbæinn, en umhverfis húsin eru mishæðir og hlaðinn grjótteggur er upp við austur- vegg skemmunnar sem enn stendur. Við bæjarstæðið eru leifar hlöðutóftar [2064-285] sem í hefur verið byggður pallur og heitur pottur. Önnur hús í túni eru tvenn fjárhús með hlöðum, annað þeirra utan bæjar [2064-286] og hitt ofan bæjar [2064-283]. Utarlega í túni er einnig að finna skemmu eða geymslu sem kölluð var Matarkofinn [2064-279]. Ofan við bæ eru leifar reykkofo [2064-284], að hluta inngrafinn í bakka. Ofan túns eru leifar veglegrar sundlaugar [2064-282] sem hlaðin var á áttunda áratug 20. aldar. Efst í túni eru leifar hrútakofa [2064-280] og við hlið hans matjurtagarður [2064-281], afmarkaður með grjóthleðslu. Í matjurtagarðinum vex nú trjágróður. Austan túns er tóft [2064-278] sem virðist eldri en aðrar tóftir í túni og mun hún vera af hesthúsi. Utan túns, á svokölluðum Engjum, er svæði með vélgröfnum skurðum, en það mun aldrei hafa verið nýtt sem tún. Þar eru mógrafir [2064-347 og 341] og tóft mókofa [2064-277]. Stór skriða féll fyrir nokkrum árum yfir þetta svæði að hluta. Vélgrafnir skurðir eru einnig neðan vegar og þar eru heytóftir sem benda til engjaheyskapar. Á vatnsbakka Lónsins, utan engjanna, er lítil kofatóft [2064-330], líklega af smalakofa.

Ímastaðir fremri

Á Ímastöðum fremri var timburhús í grjóthlaðinni tóft, byggt 1924.²⁴ Nú stendur þar sumarbústaður, en gamli bærinn er horfinn. Grunnur íbúðarhússins er þó vel greinanlegur í tóftaþyrpingu [2064-289] ásamt leifum af áföstu fjósi, súrheysgryfju [2064-362] og kúahlöðu [2064-361]. Í túni ofan bæjar eru tóftir fjárhúss [2064-290] og ofan þess hesthústóft [2064-291]. Ofan bæjarins, rétt ofan túns, er lítil tóft [2064-292] og þar leikstaður barna. Ofan túns er einnig gata [2064-294] sem liggur að Ímastaðaá og þar eru hlaðnar undirstöður undan brú [2064-293]. Stærstur hluti heimatúnsins liggur vestan bæjar og þar er að finna tóftir af tvístæðu fjárhúsi [2064-298]. Heytóftir [2064-296, 299, 300, 328, 329,] eru bæði í túni og neðan þess [2064-301 og 337]. Ofan túns eru leifar af tvískiptri tóft [2064-295], e.t.v. stekk sem virðist elst þeirra tófta sem skráðar voru á Ímastöðum. Innarlega í landi Ímastaða fremri er sýnilegur steypur-grunnur samkomushúss [2064-327] sem byggt var um miðja 20. öld.

²² SJM 3. bindi, bls. 86-87.

²³ SJM, 3. bindi, bls. 86.

²⁴ SJM, 3. bindi, bls. 87.

Minjar á Karlstöðum

Karlstaða er fyrst getið í manntali 1703 og jörðin því sú eldri af tveimur hjáleigum Vöðla. Hún var fyrrum kirkjueign en er nú í ríkiseigu.²⁵ Býlið var komið úr ábúð 1968. Löngum var fleirbýlt á Karlstöðum og skiptust útihús þar upp á milli bæja, en ekki er vitað hvaða hús tilheyrðu hvaða bæ. Bæjarhóllinn er enn vel greinanlegur, og skiptir vegurinn út Vöðlavík honum í tvennt. Ofan vegar er grjóthlaðinn kjallari undan timburhúsi sem reist var 1816, og aðrar ógleggri tóftaleifar eru á bæjastæðinu [2064-305]. Neðan vegar eru steinsteypar leifar af íbúðarhúsinu sem seinast var búið í, auk annarra hleðsluleifa [2064-304]. Í túni vestan bæjarstæðis eru leifar kúahlöðu [2064-306] en ofar í túni eru ummerki tveggja veglegra fjárhúsa með hlöðum, Hakahúss og Hólhúss [2064-307 og 310]. Einnig eru þarna leifar hesthúss [2064-313], og ýmissa kofa [2064-311, 314 og 315] með óskilgreint hlutverk. Tóftir tveggja útihúsa, [2064-303 og 2064-302] eru utan bæjar. Efst í túni eru jarðsokknar leifar eldri tóftar [2064-309], en veggir voru óglöggir og erfitt að greina lögun hennar. Í henni virðast þó hafa verið 2-3 uppskipt rými. Svarðartaka [2064-308] var í og við tún og má þar sjá glögg merki hennar. Steinsteypar leifar af lögrétt [2064-321] sveitarinnar eru við Karlstaðaá og leifar af steinsteypum grunni vörulagers [2064-322] kaupfélagsins Bjarkar á Eskifirði eru á vegamótum utan bæjar. Neðan vegarins niður í Vöðlavík, innan við Karlstaðaá, eru vel varðveittar leifar beitarhúsanna frá Karlstöðum, svokallaðra Hnaushúsa. Um er að ræða stæðilega fjárhús- og hlöðutóft [264-318], svo og kofatóft [2064-319] niðri við Þverá, en ofar í brekku má finna tvö smærri fjárhús [2064-316 og 317]. Fjárhúsin uppi í brekkunni virðast gömul og gætu verið af eldri beitarhúsum. Tvær fornlegar tóftir [2064-320 og 340], líklega heytóftir, er að finna í brekkunum utan Hnaushúsa. Uppi við Víkurvatn, uppi á heiðinni eru svo leifar tveggja upphlaðinna tófta [2064-323 og 324], líklega heytófta.

Hættumat

Tafla 2. Yfirlit yfir hættumat minja.²⁶

Jörð	Engin hætta	Hætta	Mikil hætta
Vöðlar	50	10	7
Ímastaðir ytri	24	1	1
Ímastaðir fremri	16	0	1
Karlstaðir	27	1	0
Samtals	117	12	9

Við fornleifaskráningu er metið hvort minjar séu í hættu af völdum umhverfisaðstæðna eða framkvæmda. Allar jarðirnar eru eyðijarðir og því almennt ekki í mikilli hættu vegna stórfelldra framkvæmda. Sumarbústaðir eru á Vöðlum og Ímastaðum auk þess sem skáli Ferðafélags fjarðamanna er á Karlstöðum og er kannski helst að vænta framkvæmda sem honum kunna að tengjast. Engar framkvæmdir voru þó fyrirsjáanlegar þegar skráningin fór fram og því eru minjar almennt ekki metnar í hættu, þrátt fyrir nálægð við þessa byggð. Þar sem hætta hefur verið metin er það vegna náttúrulegra þátta, einkum vegna landbrots fallvatna og sjávar og

²⁵ SJM, 3. Bindi, bls.

²⁶ Hætta er metin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

ágengs gróðurs. Skriðuföll kunna einnig að spilla landi en minjar eru þó ekki metnar í hættu vegna mögulegra skriðufalla. Ein helsta hættu sem stafar að minjalandslaginu, hér eins og víðar, er aukinn gróður vegna minni beitar, ágengni aðfluttra tegunda og að tún eru ekki lengur nytjuð. Gróður hylur minjarnar og gerir aðgengi að þeim torveldara. Fyrir nokkrum áratugum var alaskalúpínu sáð á svæðinu, aðallega inn af víkinni, og hefur hún síðan breiðst ört út um brekkur upp með Þverá og fram með Kirkjubólsá allt til sjávar. Sé ekki við brugðist mun þessi stórvaxna og ágenga planta óhjákvæmilega hafa áhrif á minjar, bæði með því að hylja þær, en einnig hefur rôtarkerfi hennar neikvæð áhrif á hleðslur, ofan jarðar og neðan.

Um 9% minja sem skráðar voru á vettvangi teljast nú þegar í einhverri hættu en um 6% í mikilli hættu (Sjá töflu 2).

Flestar minjar í hættu eru á Vöðlum, sem helgast af því að þar eru minjar flestar og þar einu minjarnar sem liggja við sjó. Bæjarstæði Vöðla liggur nokkuð frá sjó og eru minjar í heimatúni því ekki í hættu vegna sjávangangs, helst er að bæjarlækurinn Beljandi kunni að spilla minjum sem liggja nærri. Það eru fjárhústóftir [2064-2069, 268 og 270] vestan lækjarins og svo myllutóft [2064-236] á austurbakkanum. Flestar minjarnar eru í hættu vegna sjávangangs við Vöðlahöfn á Landsenda. Í mikilli hættu eru leifar þriggja sjóhúsa vestanvert á sjávertanga [2064-220, 221 og 222] austan Vöðlahafnar, af beitarhúsi austanvert á tangnum [2064-223] og tveggja fjárborga, annarsvegar austan tangans [2064-217] og hinsvegar vestan hans [2064-218]. Í mikilli hættu er líka uppsátur í Batabás [2064-261], en þar er einungis um að ræða niðurgröft en ekki hleðslur. Fjárborgin austan tangans stendur mjög tæpt uppi á sjávarhömrum og er að hluta farin að hrynja fyrir bakkann.

Á Ímastöðum ytri eru einungis tvær minjar metnar í hættu. Matjurtagarður [2064-281] er ofarlega í túni og hefur trjágróðri verið plantað þar og hleðslur í garðinum því metnar í hættu. Varnargarður [2064-297], sem hefur verið hlaðinn í austurbakka Ímastaðaár til að verja túnið, er talinn í mikilli hættu, enda í sjálfum árfarveginum. Aðrar minjar eru ekki taldar í hættu. Lækurinn getur á endanum breytt farvegi sínum inn á túnið austanvert. Bæjarstæðið er um 20 m [? ath.] austan lækjarins og er ekki metið í hættu, þar sem það stendur hærra en landið umhverfis.

Á Ímastöðum fremri eru hleðslur undan brúarstólpum [2064-293], hvor sínu megin á bökkum Ímastaðaár, metnar í mikilli hættu.

Á Karlstöðum er helstu minjar í hættu taldar leifar af rétt [2064-321] austan Dysjardalsár, en aðrar ekki fyrst um sinn, nema helst vegna útbreiðslu lúpínu. Skáli Ferðafélags Fjarðamanna stendur skammt frá bæjarstæðinu en lítil hættu er vegna framkvæmda við hann. Bílvegur liggur í gegnum bæjarstæðið en litlar líkur eru á breytingum á honum.

Niðurlag

Það mannvistarlandslag sem finna má nánast óskert í Vöðlavík er mikilvægur og órjúfanlegur hluti landslagsheildarinnar sem nú liggur, að hluta, innan friðlandsins á Gerpissvæðinu. Minjarnar eru mikilvægur minnisvarði um austfirskar strandbyggðir, samspil búskapar og sjávarnytja sem varði allt frá landnámsöld fram á miðja 20. öldina. Minjarnar og umhverfið bera vitni um hvernig menn stunduðu búskap og sjósókn, oft við erfiðar aðstæður og óblítt veðurfar. Töluverður straumur ferðamanna er nú til Vöðlavíkur og þar er m.a. skáli Ferðafélags Fjarðamanna. Það liggur því vel við að gera þessum hógværu hversdagminjum hærra undir

höfði, t.d. með merkingum, útgáfu bæklinga eða á netmiðlum, þannig að ferðafólk hafi aðgang að upplýsingum um hvaða minjar eru til staðar og fyrir hvað þær standa.

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80, 2012) er óheimilt með öllu að hrófla við fornleifum án leyfis Minjastofnunar Íslands. Mikilvægt er að minjar séu skildar eftir í sama ástandi og komið var að þeim. Minjar geta leynst neðanjarðar og sjást ekki á yfirborði. Komi minjar óvænt upp við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva þær og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Íslenzkt fornbréfasafn IV, 1265-1449. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn XVII, 1567-1570. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag Rvk.1947-50.

Hjörleifur Guttormsson (2005). *Árbók Ferðafélags Íslands. Austfirðir frá Reyðarfirði til Seyðisjarðar.* Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók. 1. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag 1986.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefnalýsing Vöðlavíkur. 1957, Vilhjálmur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnalýsing Vöðlavíkur. Athugasemdir og viðbætur. 1980, Eiríkur Björnsson, skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Vaðlavík (Vöðlavík) Auðunn H. Einarsson (merkt). Örnefnastofnun Íslands.

Vöðlavík. Athugasemdir og viðbætur. Skráð eftir Eiríki Björnssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns.

www.manntal.is

Sóknarmannatöl á vef Þjóðskjalasafns.

<https://skjalasafn.is/heimild/soknarmannatol>

Heimasíðar Minjastofnunar Íslands. Skoðað 31.03.2020


www.minjastofnun.is

Yfirmat fasteigna 1918 á vef landsbókasafns. Skoðað 31.05.2020

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Su%C3%B0ur-M%C3%BAas%C3%BDsla/>

Fylgiskjöl

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu




Vöðlar - yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu

Kassar afmarka svæði sem teikningar eru af í skýrslu



Ímastaðir - yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu


Kassar afmarka svæði sem teikningar eru af í skýrslu



0 100 200 300 400 500 m

Karlstaðir - yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu

Kassar afmarka svæði sem teikningar eru af í skýrslu



0 100 200 300 400 500 m



Vöðlar - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-214	<i>Efstuhús</i>	beitarhús, fjárhús, hlaða	tóft	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		754192	514985
2064-215	<i>Efstuhús</i>	hrútakofi?	tóft	1850	1950	greinanleg	engin hætta		754190	514999
2064-216		beitarhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hitta		754252	514933
2064-217		fjárborg	tóft	1600	1950	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	754257	514901
2064-218		fjárborg	tóft	1600	1950	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	754202	514920
2064-219		óþekkt	tóft	800	1900	greinanleg	hætta	landbrot	754206	514919
2064-220		sjóhús	tóft	1750	1950	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	754207	514883
2064-221	<i>Þórarinshús</i>	sjóhús, vörugeymsla	tóft	1700	1950	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	754214	514873
2064-222		sjóhús	tóft	1700	1900	greinanleg	mikil hætta	landbrot	754217	514858
2064-223		beitarhús	tóft	1850	1950	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	754231	514865
2064-224		mógröf	niðurgröftur	800	1950	vel greinanleg	engin hætta		754306	514908
2064-225		óþekkt, smalakofi?	tóft	800	1950	greinanleg	engin hætta		754315	514924
2064-226		mótóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hitta		754357	514927
2064-227		mógröf	niðurgröftur	800	1900	greinanleg	hætta	landbrot	754376	514927
2064-228		mótóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		754383	514919
2064-229		mókofi	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		754454	514901
2064-230		mógröf	niðurgröftur	800	1950	vel greinanlegt	hætta	landbrot	754442	514897
2064-231		stekkur	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		754595	515039
2064-232		fjárhús, hlaða	tóft	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		753583	514753
2064-233		fjárhús, hlaða	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753537	514714
2064-234		kofi, óþekkt	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		753521	514696
2064-235		óþekkt	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753317	514768
2064-236		mylla	tóft	1850	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	753307	514791
2064-237		matjurtagarður	niðurgröftur	1850	1950	greinanleg	engin hætta		753339	514835
2064-238		óþekkt	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		753354	514805
2064-239		skurður	niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753423	514831
2064-240		fjárhús	tóft	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta		753444	514864
2064-241		matjurtagarður	hleðsla	1850	1960	vel greinanleg	engin hætta		753437	514866
2064-242		smalakofi	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		753451	514920
2064-243		óþekkt	hleðsla	800	1900	greinanleg	engin hætta		753462	514982
2064-244		híbyli, fjós	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		753429	514985
2064-245		óþekkt, hesthús?	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753516	514771

Vöðlar - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-246		purrrhjallur	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753533	514786
2064-247		rétt	hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		753468	514621
2064-248	<i>Hringhóll</i>	óþekkt	tóftaþyrping, þúst	800	1500	greinanleg	engin hætta		753353	514553
2064-249		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753281	514500
2064-250		kvíar	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753282	514649
2064-251		mylla?	tóft	1800	1900	vel greinanleg	hætta	landbrot	753341	514687
2064-252		beitarhús	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		754256	514979
2064-253		óþekkt	hleðsla	800	1900	greinanleg	engin hætta		753464	514978
2064-254		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753467	514985
2064-255		heyttóft	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		753364	514916
2064-256		heyttóft	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		753467	514952
2064-257		hlaða	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		753319	514775
2064-258		nátthagi	garðlag	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		753467	514681
2064-259		híbýli, fjós	bæjarhóll	800	1970	vel greinanleg	engin hætta		753391	514775
2064-260		samgöngubót	gata	1500	1970	greinanleg	engin hætta		753440	514776
2064-261	<i>Bátabás</i>	uppsátur	niðurgröftur	1700	1900	greinanleg	mikil hætta	landbrot	754208	514903
2064-262		samgöngubót	gata	800	1960	vel greinanleg	engin hætta		754601	754601
2064-263		hákarlagröf?	niðurgröftur	1600	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	754204	514909
2064-264		kvíar	hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		753302	514712
2064-265		matjurtagarður	niðurgröftur	1700	1850	vel greinanleg	hætta	landbrot	753309	514713
2064-266		fjárhús	tóft	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		753297	514733
2064-267		fjárhús	tóft	1850	1960	vel greinanleg	engin hætta		753283	514777
2064-268		fjárhús, hlaða	tóft	1850	1960	greinanleg	hætta	landbrot	753280	514801
2064-269		fjárhús	tóft	1850	1960	vel greinanleg	hætta	landbrot	753283	514805
2064-270		fjárhús	tóft	1850	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	753271	514820
2064-271		túngarður	garðlag	1700	1960	vel greinanleg	engin hætta		753281	514746
2064-272		heyttóft?	tóft	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		753250	514718
2064-273		óþekkt	tóft	1850	1900	vel greinanleg	engin hætta		753233	514704
2064-274		mógröf	niðurgröftur	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		753176	514592
2064-275		óþekkt, heyttóft?	tóft	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		753005	514434
2064-276		heyttóft	þúst	1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		753000	514433
2064-342	<i>Vöðlahöfn</i>	höfn	náttúrulegt	800	1960	vel greinanleg	engin hætta		754161	754161

Vöðlar - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-343		rafstöð	steinsteypa	1957	2020	vel greinanleg	engin hætta		753353	514771
2064-344		samgöngubót	vegur	900	2021	vel greinanleg	engin hætta		747439	513525
2064-361	Vöðlar	hleðsla, heimild	híbyli	1922	1945	vel greinanleg	engin hætta		753378	514771
Óstaðsettar minar										
2064-346	Illugavarða	kennmark, varða	heimild	900	2021	Ekki skoðað				

Ímastaðir ytri - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-277		mótóft	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		752732	514461
2064-278		hesthús	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		752164	514438
2064-279	<i>Matarskúrin</i>	geymsla	tóft	1800	1968	vel greinanleg	engin hætta		752043	514429
2064-280		fjárhús	tóft	1850	1968	vel greinanleg	engin hætta		751964	514442
2064-281		matjurtagarður	garðlag	1850	1968	greinanleg	hætta	trjárækt	751960	514451
2064-282		sundlaug	garðlag, niðurgröftur	1980	2020	vel greinanleg	engin hætta		751914	514473
2064-283		fjárhús, hlaða	tóft	1940	1968	vel greinanleg	engin hætta		751921	514412
2064-284		reykkofi	tóft	1900	1960	vel greinanleg	engin hætta		751905	514397
2064-285		hlaða	tóft	1850	1950	vel greinanleg	engin hætta		751935	514336
2064-286		fjárhús	tóft	1850	1900	vel greinanleg	engin hætta		751996	514369
2064-287		öskuhaugur	niðurgröftur	1900	1960	greinanleg	engin hætta		751919	514360
2064-288	<i>Ímastaðir</i>	híbýli	heimild, hleðsla	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		751925	514320
2064-328		heyttóft	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		751719	514346
2064-329		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		751748	514375
2064-330		óþekkt, smalakofi	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		752329	514318
2064-331		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		752197	514361
2064-332		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		752207	514360
2064-333		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		752220	514364
2064-334		óþekkt	hleðsla	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		752193	514389
2064-336		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		752186	514350
2064-341		mógröf	niðurgröftur	1900	1960	greinanleg	engin hætta		753176	514592
2064-347		mógrafir	niðurgröftur, hleðsla	1900	1950	greinanleg	engin hætta		751918	514360
2064-348		matjurtagarður	niðurgröftur	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta		751926	514304
2064-349		matjurtagarður	niðurgröftur	1900	1950	greinanleg	engin hætta		751918	514363
2064-297		varnargarður	hleðsla	1800	1968	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	751645	514365
Óstaðsettar minjar										
2064-350		útræði	heimild	1850	1950	Fannst ekki				
2064-351		torfrista	heimild	1850	1950	Fannst ekki				
2064-352	<i>Svínahellir</i>	heimild	náttúruminjar	1800	1850	Fannst ekki				

Ímastaðir fremri - hnitaskrá

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-289	Ímastaðir	híbýli, búr, fjós, hænsnakofi	tóftabyrping	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		751813	514341
2064-290		fjárhús	tóft	1889	1968	vel greinanleg	engin hætta		751820	514376
2064-291		hesthús	tóft	1836	1950	vel greinanleg	engin hætta		751828	514432
2064-292		leikstaður barna	tóft	800	1900	greinanlegur	engin hætta		751829	514469
2064-293		samgöngubót, brú	hleðsla	1850	1968	vel greinanleg	mikil hætta	landbrot	751833	514547
2064-294		samgöngubót, gata	gata	800	1900	vel greinanleg	engin hætta		751829	514532
2064-295		stekkur	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		751611	514473
2064-296		heyttóft	tóft	1800	1968	vel greinanleg	engin hætta		751640	514421
2064-298		fjárhús	tóft	1830	1968	vel greinanleg	engin hætta		751657	514366
2064-299		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		751683	514323
2064-300		heyttóft	tóft	800	1950	vel greinanleg	engin hætta		751698	514323
2064-301		heyttóft	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		751614	514274
2064-327		samkomuhús, braggi	hleðsla, steinsteypa	1940	1960	vel greinanleg	engin hætta		751377	514051
2064-337		heyttóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		751625	514306
2064-345		skurður	niðurgröftur	1900	1950	vel greinanleg	engin hætta		751664	514394
2064-358		óþekkt, garðlag	hleðsla	1800	1960	vel greinanleg	engin hætta		750955	514223
2064-361	Kúahlaða	hlaða	tóft	1850	1960	vel greinanleg	engin hætta		751811	514348
2064-362		súrheysgryfja	niðurgröftur	1850	1960	vel greinanleg	engin hætta		751807	514342
Óstaðsettar minjar										
2064-353		heimild	landamerkjasteinn	1800	1968	fannst ekki	engin hætta			
2064-359		matjurtagarður				horfinn				

Karlstaðir - listi yfir hnit

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-302		óþekkt	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		750730	513894
2064-303		fjárhús	tóft	1700	1900	vel greinanleg	engin hætta		750632	513909
2064-304		hleðsla	tóft	1900	1968	greinanleg	engin hætta		750613	513882
2064-305	Karlstaðir	híbýli	tóft	1703	1900	vel greinanleg	engin hætta		750599	513902
2064-306	Kúahlaða	hlaða	tóft	1800	1968	vel greinanleg	engin hætta		750555	513881
2064-307	Hakahús	fjárhús	tóft	1800	1968	vel greinanleg	engin hætta		750451	513954
2064-308		mógröf	niðurgröftur	1700	1950	vel greinanleg	engin hætta		750400	513983
2064-309		óþekkt	tóft	1500	1800	vel greinanleg	engin hætta		750494	514047
2064-310	Hólhús	fjárhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		750507	514034
2064-311		óþekkt	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		750536	514003
2064-312		brunnur?	niðurgröftur	800	1900	greinanleg	engin hætta		750576	514004
2064-313		hesthús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		750586	513998
2064-314		kofi, óþekkt	tóft	1700	1800	greinanleg	engin hætta		750578	514010
2064-315		kofi, óþekkt	tóft	1800	1900	greinanleg	engin hætta		750590	514004
2064-316	Hnaushús	beitarhús, fjárhús, hlaða	tóft	1800	1920	vel greinanleg	engin hætta		749745	513767
2064-317	Hnaushús	fjárhús, hrútakofi?	tóft	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		749844	513773
2064-318	Hnaushús	beitarhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		749934	513756
2064-319	Hnaushús	kofi, óþekkt	tóft	1800	1950	greinanleg	engin hætta		749972	513753
2064-320		heytóft, sel?	tóft	1500	1800	vel greinanleg	engin hætta		750018	513803
2064-321		rétt	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	750487	513857
2064-322		verlsunarhús, braggi	hleðsla	1940	1960	vel greinanleg	engin hætta		751117	513890
2064-323		sel? óþekkt	tóft	800	1800	vel greinanleg	engin hætta		747508	513559
2064-324		heytóft	tóft	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		747519	513567
2064-325		kennimark, varða	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	engin hætta		746762	512857
2064-335		matjurtagarður	heimild	1850	1950	horfið			750613	513903
2064-338		óþekkt	hleðsla	1700	1800	greinanleg	engin hætta		750578	514010
2064-339		kofi?	þúst	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta		750536	514003
2064-340		heytóft	tóft	1500	1800	vel greinanleg	engin hætta		750018	513797
2064-354		matjurtagarður	heimild	1850	1950	horfið			750621	513894

Karlstaðir - listi yfir hnit

Óstaðsettar minjar										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur_frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2064-355		matjurtagarður	heimild	1850	1950	horfið				
2064-356		kuml?	heimild	850	1950	horfið				
2064-357		kennimark, landamerkjavarða	heimild	900	1950	horfið				
2064-360		útræði	heimild	900	1950	óþekkt				